

## Skýrsla félagsmálaráðuneytisins um

### 63. Vinnumálaþingið í Genf 1977.

Sextugasta og þriðja þing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (I. L. O.) var háð í Genf dagana 1.—22. júní 1977.

Þingið sátu alls um 1400 fulltrúar og ráðunautar frá 126 af 135 aðildarríkjum stofnunarinnar. Þingforseti var Amedume vinnumálaráðherra Ghana.

Fulltrúar Íslands á þinginu voru Dr. Gunnar Thoroddsen félagsmálaráðherra og Haraldur Kröyer sendiherra svo og Kornélius Sigmundsson sendiráðsritari sem varamaður. Vegna annríkis í sambandi við lausn á kjaradeilum gátu fulltrúar aðila vinnumarkaðarins ekki komið því við að sækja þingið og félagsmálaráðherra gat aðeins setið síðari hluta þess.

Dagskrá þingsins var svohljóðandi:

- I. Skýrsla forstjóra.
- II. Fjárhagsmál.
- III. Framkvæmd samþykkt og tillagna Alþjóðavinnumálaþings.
- IV. Aðbúnaður á vinnustað (síðari umræða).
- V. Stjórnun vinnumála (fyrri umræða).
- VI. Atvinna, vinnuskilyrði og lífskjör hjúkrunarfólks (síðari umræða).
- VII. Félagafrelsi og starfskjör opinberra starfsmanna (fyrri umræða).
- VIII. Skýrsla skipulagsmálanefndar.

#### I. Skýrsla forstjóra.

Skýrsla forstjórans skiptist jafnan í tvo hluta. Í öðrum þeirra er gerð grein fyrir starfsemi stofnunarinnar á liðnu ári, en í hinum er fjallað um eitthvert viðfangsefni, sem forstjórinn kýs að gera að sérstöku umræðuefni. Að þessu sinni fjallaði sérstaki hlutinn um tæknilegt samstarf alþjóðastofnana og ríkja með það fyrir augum að bæta hag vinnandi stétta, sér í lagi í þróunarlöndunum.

#### II. Fjárhagsmál.

Á þinginu var samþykkt fjárhagsáætlun fyrir árin 1978 og 1979 að upphæð 169.074.000 dollarar og skyldi 87.037.000 af þeirri fjárhæð innheimt sem árgjald frá aðildarríkjunum árið 1978. Á þinginu 1978 var svo samþykkt að hækka fjárhagsáætlunina fyrir árið 1979 um 37.225.686 dollara.

Hluttur Íslands var á þessum árum 0,02% og nam framlag þess 17.407 dollurum árið 1978 en 24.124 dollurum 1979.

#### III. Framkvæmd samþykkt og tillagna.

Samkvæmt stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar er markmið hennar að stuðla að varanlegum friði, sem byggist á félagslegu réttlæti og bættum kjörum hinna vinnandi stétta. Að þessu markmiði vinnur stofnunin með ýmsu móti. Einn veigamesti þátturinn í þessu starfi eru þær samþykktir og tillögur, sem gerðar eru á þingum stofnunarinnar og hafa að geyma reglur og ábendingar sem beint er til ríkisstjórna aðildarríkjanna. Stofnunin fylgist svo með því hvernig þessum reglum er framfylgt. Samkvæmt 22. grein stofnskrárinnar ber ríkisstjórn- um að gefa skýrslur um framkvæmd þeirra samþykkt, sem þær hafa fullgilt. Einnig eru

ríkisstjórnir krafðar um skýrslur um löggjöf og framkvæmd varðandi atriði, sem um er fjallað í samþykktum sem þær hafa ekki fullgilt. Allar þessar skýrslur athugar sérfræðinganefnd, sem skipuð er 18 sérfróðum lögfræðingum frá ýmsum löndum. Þessi nefnd gefur stjórn stofnunarinnar skýrslu um athuganir sínar. Skýrsla sérfræðinganefndarinnar er síðan lögð fyrir allsherjarþingið. Sérstök þingnefnd fjallar um þetta mál og leggur álit sitt fyrir allsherjarþingið til endanlegrar afgreiðslu.

Tilgangurinn með þessari málsmeðferð er að fylgjast með því hvort aðildarríkin fullnægi þeim skuldbindingum, sem þau hafa samþykkt og að gera þeim ljóst hvað á kann að skorta í því efni. Ef aðildarríki stendur ekki við þær skuldbindingar, sem það hefur undirgengist með fullgildingu samþykktar, verður hlutadeigandi ríki sett á sérstakan lista, svonefndan svartan lista. Það eru nánast þau einu víðurlög, sem stofnunin getur beitt því að sérstakt framkvæmda-vald hefur hún ekki. Segja má þó að þetta hafi í för með sér verulegt aðhald.

#### IV. Aðbúnaður á vinnustað.

Þetta mál hafði verið til umræðu á fyrra þingi og voru þá gerð drög að samþykkt og tillögu um vernd verkamanna gegn skaðlegum áhrifum loftmengunar, hávaða og titrings á vinnustað. Þessi drög voru svo send ríkisstjórnnum til nánari athugunar. Að fengnum athugasemdum og tillögum frá aðildarríkjunum voru síðan samin ný drög og þau lögð fyrir þetta þing, sem samþykkti þau endanlega að gerðum nokkrum breytingum.

Samþykktin skiptist í fimm kafla.

Í fyrsta kaflanum er kveðið á um gildissvið samþykktarinnar. Gert er ráð fyrir að hún taki til allra atvinnugreina, en undantekningar er þó unnt að gera í samráði við samtök atvinnurekenda og launþega. Gera skal Alþjóðavinnuáskrifstofunni grein fyrir slíkum undanþágum og ástæðum fyrir þeim. Eins og fyrr segir varðar þessi samþykkt þrjá þætti, þ. e. loftmengun, hávaða og titring. Að höfðu samráði við hlutadeigandi samtök getur ríki, sem fullgildir samþykktina, undirgengist kvaðir hennar varðandi alla þessa þætti eða hvern einstakan þeirra fyrir sig.

Annar kaflinn hefur að geyma almenn ákvæði. Þar er svo fyrir mælt að með lögum eða reglugerðum skuli kveðið á um ráðstafanir gegn skaðlegri loftmengun, hávaða og titringi á vinnustað. Þar er og að finna ákvæði um það, hvernig settum ákvæðum skuli framfylgt. Lögð er rík áhersla á samráð og samvinnu við samtök hlutadeigandi atvinnurekenda og launþega um þessi mál.

Þriðji kaflinn fjallar um aðgerðir til varna og verndar. Þar ræðir um setningu mælikvarða á loftmengun, hávaða og titring á vinnustað. Þessar aðgerðir varða hönnun og uppsetningu nýrra verksmiðja, vinnsluaðferðir og skipulagningu. Einnig ræðir þar um hlífðarbúnað og heilbrigðiseftirlit.

Í fjórða kaflanum er kveðið á um nauðsynlegar ráðstafanir til þess að framfylgja ákvæðum samþykktarinnar og eftirlit með því að eftir þeim sé farið.

Fimmti kaflinn hefur svo að geyma almenn ákvæði um fullgildingu samþykktarinnar, gildistöku o. fl.

Alls hafa nú 8 ríki fullgilt þessa samþykkt en þau eru: Cuba, Ekvador, Finnland, Spánn, Svíþjóð, Bretland og Zambía.

Samþykktin er prentuð hér með sem fylgiskjal I.

Eins og fyrr segir samþykkti þingið einnig tillögu um sama efni og samþykktin. Í henni felast ítarlegri ákvæði um aðgerðir í þeim efnum, sem samþykktin kveður á um.

Tillaga þessi er prentuð hér með sem fylgiskjal III.

#### V. Stjórnun vinnumála.

Þetta mál, sem var til fyrri umræðu á þinginu, varðar stefnumörkun í vinnumálum og stjórnun á því sviði, svo og samvinnu stjórnvalda og samtaka atvinnurekenda og launþega í

þeim efnum. Gengið var frá drögum að samþykkt og tillögu, sem síðan voru lögð fyrir næsta þing til síðari umræðu og endanlegrar afgreiðslu.

#### **VI. Atvinna, vinnuskilyrði, og lífskjör hjúkrunarfólks.**

Þetta dagskrármál var til fyrri umræðu á þinginu 1976 og var nú tekið til síðari umræðu. Gerð var um það samþykkt og tillaga, sem prentaðar eru hér með sem fylgiskjöl II og IV.

Með samþykktinni er ríkjum þeim, sem hana fullgilda, lögð sú skylda á herðar að móta og framkvæma stefnu varðandi hjúkrun og hjúkrunarfólk, sem miði að sem bestri hjúkrunarþjónustu, nægilegri menntun og bættum starfsskilyrðum hjúkrunarfólks í hvívetna.

Samþykktin hefur einnig að geyma ákvæði um þátttöku hjúkrunarfólks í skipulagningu hjúkrunarmála og ákvörðunum um ráðningar- og starfskjör. Ennfremur er svo kveðið á, að hjúkrunarfólk skuli njóta kjara, sem a. m. k. jafnist á við þau kjör, sem aðrir launþegar í landinu njóta að því er varðar vinnutíma, vikulega hvíld, orlof, námsfrí, barnsburðarfrí, veikindafrí og félagslegt öryggi.

Í samþykktinni felast aðalreglur, sem eru bindandi fyrir þau aðildarríki, sem fullgilda hana. Tillagan hefur svo að geyma ábendingar um að hverju beri að stefna í þessum málum. Í henni eru settar fram ítarlegri reglur og í sumum tilvikum setur hún markið hærra en gert er í sjálfri samþykktinni.

Alls hafa nú 12 ríki fullgilt þessa samþykkt, en þau eru: Bangladesh, Hvíta-Rússland, Ekvador, Finnland, Irak, Filipseyjar, Pólland, Svíþjóð, Ukraina, Sovétríkin, Uruguay og Zambia.

#### **VII. Félagafrelsi og starfskjör opinberra starfsmanna.**

Alla tíð síðan 1948 hefur Alþjóðavinnuárástofnunin látið sig skipta rétt opinberra starfsmanna til þess að stofna sín eigin stéttarfélög og semja um sín kjaramál, en á þingi stofnunarinnar það ár var gerð almenn samþykkt um félagafrelsi og verndun þess. Á næsta ársþingi var svo gerð samþykkt um grundvallarreglur um réttinn til þess að stofna félög og semja sameiginlega. Síðan hafa réttindamál opinberra starfsmanna verið til umræðu og árið 1975 var samþykkt að setja þetta mál á dagskrá 63. allsherjarþingsins.

Á þessu þingi voru samþykkt drög að Samþykkt og Tillögu um félagafrelsi og starfskjör opinberra starfsmanna. Þessi drög voru síðan send aðildarríkjunum til athugunar. Að fengnum athugasemdum þeirra voru svo ný drög lögð fyrir þingið 1978, og þau samþykkt með nokkrum breytingum. Mun nánari grein gerð fyrir þessu máli í skýrslu um það þing.

#### **VIII. Skýrsla skipulagsmálanefndar.**

Alþjóðavinnuárástofnunin er ein af fáum alþjóðlegum stofnunum, sem enn eru starfandi síðan á dögum Þjóðabandalagsins og settar voru á fót að lokinni heimsstyrjöldinni fyrri. Skipulag hennar var því mótað á þeim tíma, en aðaleinkenni þess er að í starfsemi hennar taka fulltrúar atvinnurekenda og launþega beinan þátt ásamt fulltrúum ríkisstjórna. Frá upphafi hefur verið full samstaða um þessa skipan. Annað sérkenni Alþjóðavinnuárástofnunarinnar er það hve miklu stærstu iðnaðarríkin ráða, en í stjórn stofnunarinnar eiga þau föst 10 sæti. Þessi miklu áhrif iðnaðarríkjanna hafa sætt mikilli gagnrýni sér í lagi meðal hins mikla fjölda nýrra ríkja, sem gerst hafa aðilar að stofnuninni eftir síðari heimsstyrjöld.

Breytingar á skipulagi stofnunarinnar hafa verið á dagskrá um nokkurt skeið. Var sérstök nefnd skipuð til þess að vinna að þessu máli árið 1974, en störf hennar hafa einungis leitt til smávægilegra breytinga.

Á þessu þingi fjallaði sérstök nefnd um hin ýmsu atriði þessa máls án þess að komast að endanlegri niðurstöðu.

**Fylgiskjal I.****Samþykkt nr. 148 um verndun verkamanna gegn hættu frá loftmengun, hávaða og titringi á vinnustað.**

Allsherjarþing Alþjóðavinnuálastofnunarinnar, er kom saman til sextugustu og þriðju þingsetu sinnar í Genf hinn 1. júní 1977 eftir kvaðiningu stjórnar Alþjóðavinnuálastofnunar,

minnist ákvæða gildandi alþjóðavinnuálastofnunarinnar og tillagna, sem þetta mál varða og þá einkum Tillögu um heilsuvernd á vinnustöðum, 1953, Tillögu um heilsugæslu á vinnustöðum, 1959, Samþykkt og Tillögu um vernd verkamanna gegn geislun, 1960, Samþykkt og Tillögu um öryggisbúnað véla, 1963, Samþykkt um bætur vegna slysa við vinnu, 1964, Samþykkt og Tillögu um heilbrigðisráðstafanir í verslunum og skrifstofum 1964, Samþykkt og Tillögu um vernd gegn eitrunarhættu frá benseni, 1971, og Samþykkt og Tillögu um krabbamein sem atvinnusjúkdóm, 1974,

hefur samþykkt ákveðnar ábendingar um mengun andrúmslofts, hávaða og titring á vinnustað, en það er fjórða mál á dagskrá þessa þings, og

þar sem þingið hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli gerðar í formi alþjóðasamþykktar, gerir þingið í dag, hinn 20. júní 1977, eftirfarandi samþykkt sem nefnist Samþykkt um vinnustaði (loftmengun, hávaða og titring), 1977:

**I. kafli. Gildissvið og skilgreiningar.**

## 1. gr.

1. Þessi samþykkt tekur til allra greina atvinnulífs.
2. Aðildarríki, sem fullgildir þessa samþykkt, getur, að höfðu samráði við aðalsamtök hlutaðeigandi atvinnurekenda og verkamanna þar sem þau eru til, undanskilið framkvæmd samþykktarinnar einstakar greina atvinnulífsins ef sérstök veigamikil vandkvæði koma upp í sambandi við þær.
3. Hvert það aðildarríki, sem fullgildir þessa samþykkt skal í fyrstu skýrslu um framkvæmd samþykktarinnar, sem það gefur samkvæmt 22. grein stofnskrár Alþjóðavinnuálastofnunarinnar, skrá allar þær greinar, sem kunna að hafa verið undanskildar í samræmi við 2. tölulið þessarar greinar. Jafnframt skal greina ástæðurnar fyrir slíkum undanþágum og í síðari skýrslum skal ríkið skýra frá því hversu sé háttáð lögum þess og framkvæmd að því er varðar þær greinar, sem undanskildar voru, og í hve ríkum mæli samþykktinni er beitt eða fyrirhugað er að beita henni að því er tekur til þeirra greina.

## 2. gr.

1. Að höfðu samráði við aðalsamtök atvinnurekenda og verkamanna, þar sem þau eru til, getur sérhvertt aðildarríki tekið á sig skuldbindingar þessarar samþykktar að því er varðar hvern eftirtalinna þátta fyrir sig:
  - a. loftmengun;
  - b. hávaða; og
  - c. titring.

2. Aðildarríki, sem ekki tekur á sig skuldbindingar samþykktarinnar að því er varðar einn hættuflokk eða fleiri, skal skýra frá því í fullgildingarskjali sínu og greina ástæður til þess í fyrstu skýrslu sinni um framkvæmd samþykktarinnar, sem gefin er samkvæmt 22. grein stofnskrár Alþjóðavinnuáráðsstofnunarinnar. Í síðari skýrslum skal það gera grein fyrir því hvernig háttáð er lögum og framkvæmd að því er varðar hættuflokk eða flokka, sem það hefur undanskilið og í hve ríkum mæli ákvæðum samþykktarinnar er framfylgt eða áformað er að framfylgja þeim að því er tekur til slíkra hættuflokka.
3. Hvert það aðildarríki, sem hefur ekki við fullgildingu tekið á sig skuldbindingar samþykktarinnar að því er tekur til allra hættuflokkanna, skal síðar, þegar það er sannfært um að ástæður leyfi tilkynna framkvæmdastjórn Alþjóðavinnuáráðsstofnunar að það taki á sig skuldbindingar samþykktarinnar að því er varðar hættuflokk eða flokka sem það hefur áður undanskilið.

## 3. gr.

Í þessari samþykkt tekur

- a. hugtakið „loftmengun“ til alls þess lofts, sem mengað er af efnum, sem eru heilsuspillandi eða á annan hátt hættuleg, hvert svo sem ástand þeirra er;
- b. hugtakið „hávaði“ til allra hljóða, sem geta valdið skerðingu á heyrn eða verið heilsuspillandi eða hættuleg á annan hátt;
- c. hugtakið „titringur“ til hvers konar titrings, sem berst til mannlíkamans frá föstum hlutum og er heilsuspillandi eða á annan hátt hættulegur.

## II. kafli. Almenn ákvæði.

## 4. gr.

1. Í landslögum eða reglugerðum skal svo kveðið á að gerðar skuli ráðstafanir til þess að stemma stigu við og hafa hemil á hættum frá loftmengun, hávaða og titringi á vinnustað og vernda verkamenn gegn þessum hættum.
2. Ákvæði um raunhæfa framkvæmd þeirra ráðstafana, sem þannig eru ákveðnar, má setja í tæknilegum reglum, starfsreglum, eða með öðrum hætti, sem við á.

## 5. gr.

1. Við framkvæmd ákvæða þessarar samþykktar skal hlutaðeigandi stjórnvald hafa samráð við aðalsamtök atvinnurekenda og verkamanna, sem hlut eiga að máli.
2. Fulltrúar atvinnurekenda og verkamanna skulu hafðir með í ráðum við setningu ákvæða um raunhæfa framkvæmd þeirra ráðstafana, sem ákveðnar eru í samræmi við 4. grein.
3. Gera skal ráðstafanir til þess að svo náin samvinna sem möguleg er sé á öllum stigum milli atvinnurekenda og verkamanna um framkvæmd þeirra ráðstafana, sem ákveðnar eru samkvæmt þessari samþykkt.
4. Fulltrúar atvinnurekandans og verkamannanna í fyrirtækinu skulu eiga þess kost að fylgjast með eftirlitsmönnum, sem hafa eftirlit með framkvæmd þeirra ráðstafana, sem ákveðnar eru í samræmi við þessa samþykkt, nema eftirlitsmennirnir með tilliti til almennra fyrirmæla hlutaðeigandi stjórnvalds telji að það geti spillt fyrir framkvæmd skyldustarfa þeirra.

## 6. gr.

1. Atvinnurekendur skulu gerðir ábyrgir fyrir því að fylgt sé settum reglum.
2. Jafnan þegar tveir eða fleiri atvinnurekendur hafa tekist á hendur framkvæmdir samtímis á sama vinnustað skal þeim skylt að hafa samvinnu um að fylgja settum reglum án þess að það dragi úr ábyrgð hvers einstaks atvinnurekanda á heilsu og öryggi starfsmanna hans. Hlutaðeigandi stjórnvald skal setja almennar reglur um þessa samvinnu þar sem það á við.

## 7. gr.

1. Verkamönnum skal skylt að fylgja öryggisreglum, sem miða að því að stemma stigu við og hafa hemil á hættum frá loftmengun, hávaða og titringi á vinnustað og að vernda verkamenn gegn þessum hættum.
2. Verkamenn eða fulltrúar þeirra skulu hafa rétt til þess að bera fram tillögur, fá upplýsingar og þjálfun og að skjóta máli sínu til viðeigandi aðila í því skyni að tryggja vernd gegn hættu í starfi vegna loftmengunar, hávaða og titrings á vinnustað.

**III. kafli. Aðgerðir til varna og verndar.**

## 8. gr.

1. Hlutaðeigandi stjórnvald skal setja mælikvarða til þess að ákvarða hættu frá loftmengun, hávaða og titringi á vinnustað og tiltaka hættumörk á grundvelli þess mælikvarða þar sem það á við.
2. Við setningu þessa mælikvarða og ákvörðun hættumarka skal hlutaðeigandi stjórnvald taka tillit til álits tæknilega hæfra manna, sem tilnefndir eru af aðalsamtökum atvinnurekenda og verkamanna, sem hluta eiga að máli.
3. Mælikvarðinn og hættumörkin skulu sett, endurbætt og endurskoðuð reglulega í ljósi innlendrar og alþjóðlegrar þekkingar og staðreynda á hverjum tíma og skal svo sem framast er unnt tekið tillit til aukinnar hættu við vinnu vegna þess að menn verða fyrir hættu frá mörgum skaðvöldum samtímis á vinnustað.

## 9. gr.

Eftir því sem unnt er skal koma í veg fyrir hvers konar hættu frá loftmengun, hávaða og titringi á vinnustað,

- a. með tæknilegum aðferðum við hönnun eða uppsetningu nýrra verksmiðja eða vinnsluáferða, eða taka þær upp í verksmiðjum eða í vinnslu, sem fyrir er; eða þar sem það er ekki mögulegt,
- b. með bætum skipulagsaðgerðum.

## 10. gr.

Þegar aðferðir þær sem um ræðir í 9. grein duga ekki til þess að koma loftmengun, hávaða og titringi á vinnustað niður fyrir þau mörk, sem ákveðin eru samkvæmt 8. grein, saki atvinnurekandi láta verkamönnum í té hentugan hlífðarbúnað og halda honum við. Atvinnurekandi má ekki krefjast þess að verkamaður vinni án hlífðarbúnaðar síns sem látinn er í té samkvæmt þessari grein.

## 11. gr.

1. Á hæfilegum fresti skal líta eftir heilbrigði verkamanna, sem verða fyrir eða líklegir eru til að verða fyrir hættum við vinnu vegna loftmengunar, hávaða eða titrings á vinnustað. Skal það gert við skilyrði og aðstæður sem hlutaðeigandi stjórnvald hefur ákveðið. Í þessu eftirliti skal fólgin læknisskoðun áður en starf hefst og skoðanir á vissum fresti eftir því sem hlutaðeigandi stjórnvald ákveður.
2. Eftirlit það, sem kveðið er á um í 1. tölulið þessarar greinar skal vera hlutaðeigandi verkamanni að kostnaðarlausu.
3. Þegar áframhald starfs, sem loftmengun, hávaði eða titringur fylgir, reynist heilsufarslega óráðlegt, skal gera allt það sem unnt er í samræmi við venju í landinu og aðstæður til þess að veita hlutaðeigandi verkamanni annað starf við hans hæfi eða tryggja honum tekjur annað hvort frá almannatryggingum eða á annan hátt.
4. Gildistaka þessarar samþykktar skal ekki skerða rétt þann, sem verkamenn eiga samkvæmt lögum um félagslegt öryggi eða almannatryggingar.

## 12. gr.

Notkun vinnsluaðferða, efna, véla og tækja, sem tiltekið er af hlutaðeigandi stjórnvaldi og hefur í för með sér hættu fyrir verkamenn við vinnu á vinnustað vegna loftmengunar, hávaða eða titrings, skal tilkynna hlutaðeigandi stjórnvaldi, sem annaðhvort leyfir þessa notkun með vissum skilyrðum eða bannar hana eftir því sem við á.

## 13. gr.

- Öllum þeim, sem það varðar, skal nægilega og á viðeigandi hátt
- gerð grein fyrir möguleikum á hættu við vinnu á vinnustað vegna loftmengunar, hávaða og titrings; og
  - þeir fræddir um þær ráðstafanir, sem fyrir hendi eru til þess að stemma stigu við og hafa hemil á þessum hættum og varnir gegn þeim.

## 14. gr.

Með hliðsjón af eignum og ástæðum í landinu skulu gerðar ráðstafanir til þess að efla rannsóknir í því skyni að verjast og draga úr hættum frá loftmengun, hávaða og titringi á vinnustað.

**IV. kafli. Framkvæmdahættir.**

## 15. gr.

Með þeim skilyrðum og í þeim tilvikum, sem hlutaðeigandi stjórnvald ákveður, skal atvinnurekanda skylt að tilnefna hæfan mann eða notfæra sér utanaðkomandi þjónustu eða þjónustu, sem er sameiginleg fyrir mörg fyrirtæki, til þess að annast málefni, sem varða þá viðleitni að verjast og draga úr hættum frá loftmengun, hávaða og titringi á vinnustað.

## 16. gr.

Sérhvert aðildarríki skal

- með lögum, reglugerðum eða öðrum þeim hætti, sem samrýmist venju eða aðstæðum í landinu, gera það sem nauðsynlegt er til þess að framfylgja ákvæðum þessarar samþykktar, þ. á m. að setja ákvæði um hæfileg viðurlög;
- sjá fyrir viðeigandi eftirliti til þess að hafa umsjón með framkvæmd ákvæða samþykktarinnar, eða ganga úr skugga um að viðeigandi eftirlit fari fram.

**V. Kafli. Lokaákvæði.**

## 17. gr.

Formlegar fullgildingar þessarar samþykktar skal senda forstjóra Alþjóðavinnuáskrifstofunnar til skrásetningar.

## 18. gr.

- Þessi samþykkt er einungis bindandi fyrir þau aðildarríki Alþjóðavinnuáskrifstofunnar, sem hafa látið forstjórann skrásetja fullgildingar sínar.
- Hún gengur í gildi 12 mánuðum eftir að forstjórinn hefur skrásett fullgildingar tveggja aðildarríkja.
- Síðan gengur þessi samþykkt í gildi, að því er snertir hvert aðildarríki tólf mánuðum eftir að fullgilding þess hefur verið skrásett.

## 19. gr.

1. Aðildarríki, sem hefur fullgilt þessa samþykkt getur sagt henni upp í heild eða að því er tekur til eins eða fleiri þeirra hættuflokka, sem nefndir eru í 2. grein hennar, þegar liðin eru tíu ár frá fyrstu gildistöku samþykktarinnar. Tilkynningu um uppsögn skal senda forstjóra Alþjóðavinnuáskrifstofunnar til skrásetningar. Slik uppsögn öðlast ekki gildi fyrr en ár er liðið frá skrásetningardegi hennar.
2. Hvert það aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa og notfærir sér ekki innan árs frá lokum tíu ára tímabilsins, sem um getur í fyrri tölulið, rétt þann til uppsagnar, sem kveðið er á um í þessari grein, skal bundið af henni í annað tíu ára tímabil, og síðan getur það sagt þessari samþykkt upp að loknu hverju tíu ára tímabili í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

## 20. gr.

1. Forstjóri Alþjóðavinnuáskrifstofunnar skal tilkynna öllum aðildarríkjum Alþjóðavinnuáskrifstofunnar skrásetningu allra fullgildinga og uppsagna, sem aðildarríki stofnunarinnar hafa sent honum.
2. Þegar forstjórinn tilkynnir aðildarríkjum stofnunarinnar skrásetningu annarrar fullgildingarinnar, sem honum berst, skal hann vekja athygli þeirra á, hvaða dag samþykktin gangi í gildi.

## 21. gr.

Forstjóri Alþjóðavinnuáskrifstofunnar skal senda aðalritara Sameinuðu þjóðanna til skrásetningar í samræmi við 102. grein sáttmála Sameinuðu þjóðanna, allar upplýsingar um fullgildingar og uppsagnir, sem hann hefur skrásett í samræmi við ákvæði undanfarandi greina.

## 22. gr.

Þegar stjórn Alþjóðavinnuáskrifstofunnar kann að álíta það nauðsynlegt, skal hún leggja fyrir allsherjarþingið skýrslu um framkvæmd þessarar samþykktar og athuga jafnframt, hvort æskilegt sé að setja á dagskrá þingsins endurskoðun hennar í heild eða að hluta.

## 23. gr.

1. Ef þingið gerir nýja samþykkt, sem breytir þessari samþykkt að meira eða minna leyti og sú samþykkt mælir ekki fyrir á annan veg, þá skal:
  - a. fullgilding aðildarríkis á hinni nýju samþykkt ipso jure hafa í för með sér tafarlausa uppsögn þessarar samþykktar, hvað sem ákvæðum 19. greinar hér að framan líður, ef hin nýja samþykkt öðlast gildi og þá frá þeim tíma er það gerðist;
  - b. aðildarríkjum ekki heimilt að fullgilda þessa samþykkt, eftir að hin nýja samþykkt er gengin í gildi.
2. Þessi samþykkt skal, hvað sem öðru líður, halda gildi sínu eins og hún er að formi og efni hvað snertir þau aðildarríki, sem hafa fullgilt hana, en ekki hina nýju samþykkt.

## 24. gr.

Hinn enski og franski texti þessarar samþykktar eru jafngildir.



**Fylgiskjal II.****Samþykkt nr. 149 um atvinnu, vinnuskilyrði og lífskjör hjúkrunarfólks.**

Allsherjarþing Alþjóðavinnu- og málastofnunarinnar, er kom saman til sextugustu og þriðju þingsetu sinnar í Genf hinn 1. júní 1977 eftir kvaðningu stjórnar Alþjóðavinnu- og málastofnunarinnar

viðurkennir hinn veigamikla þátt, sem hjúkrunarfólk ásamt öðrum heilbrigðisstéttum á því að vernda og bæta heilsu og velferð almennings,

viðurkennir að hið opinbera sem vinnuveitandi hjúkrunarfólks ætti að eiga raunhæfan þátt í að bæta kjör og vinnuskilyrði hjúkrunarfólks,

gerir sér ljóst að núverandi aðstæður hjúkrunarfólks í mörgum löndum, þar sem skortur er á sérhæfðu fólki og tiltækt starfslíð er ekki alltaf nýtt á sem bestan hátt, eru þrándur í götu þróunar raunhæfrar heilbrigðisþjónustu,

minnst þess að til hjúkrunarfólks taka margar samþykktir og tillögur Alþjóðavinnu- og málastofnunarinnar, sem hafa að geyma almennar reglur um atvinnu og vinnuskilyrði svo sem gjörningar um mismunun, um félagafrelsi og samningsrétt, um frjálsar sættir og gerðir, um vinnutíma, orlof með launum og námsfrí, um félagslegt öryggi og velferðarmál, um mæðra- vernd og heilsuvernd verkafólks.

telur að hinar sérstöku aðstæður við hjúkrun geri það æskilegt að bæta við hinar nefndu almennu reglur sérstökum reglum fyrir hjúkrunarfólk, sem miði að því að það fái notið aðstöðu, sem svari til hlutverks þess í heilbrigðismálum og það geti sætt sig við,

minnst þess að eftirfarandi reglur hafa verið samdar í samvinnu við Alþjóðaheilbrigðis- og málastofnunina og að framvegis verður unnið með þeirri stofnun að því að stuðla að og tryggja framkvæmd þessarar reglna,

hefur samþykkt ákveðnar ábendingar um atvinnu, vinnuskilyrði og lífskjör hjúkrunar- fólks, en það er sjötta mál á dagskrá þessa þings, og

þar sem þingið hefur ákveðið að ábendingar þessar skuli gerðar í formi alþjóðasamþykktar, gerir það í dag, hinn 21. júní 1977, eftirfarandi samþykkt, sem nefnist Samþykkt um hjúkrunarfólk, 1977:

## 1. gr.

1. Í þessari samþykkt á orðið „hjúkrunarfólk“ við alla flokka manna, sem annast hjúkrun.
2. Samþykktin tekur til alls hjúkrunarfólks, hvar sem það vinnur.
3. Að höfðu samráði við hlutaðeigandi samtök vinnuveitenda og launþega, þar sem þau eru til, getur hlutaðeigandi stjórnvald sett sérstakar reglur um hjúkrunarfólk, sem innir af hendi hjúkrunarstörf í sjálfboðavinnu. Í þessum reglum skal þó ekki vikið frá ákvæðum 2. greinar, t.l. 2. a., 3. greinar, 4. greinar og 7. greinar þessarar samþykktar.

## 2. gr.

1. Hvert það aðildarríki, sem fullgildir þessa samþykkt skal móta og framkvæma stefnu varðandi hjúkrun og hjúkrunarfólk, sem miði að því að tryggja svo mikla og góða hjúkrunarþjónustu, sem nauðsynleg er til þess að heilbrigði almennings komist á svo hátt stig sem mögulegt er. Þetta skal gert á þann hátt, sem við á í hverju landi og fara fram innan ramma hinnar almennu stefnu í heilbrigðismálum þar sem hún fyrirfinnst.
2. Einkum skal hvert aðildarríki gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja hjúkrunarfólki
  - a. nægilega menntun og þjálfun til þess að gegna sínu hlutverki; og
  - b. atvinnu og starfsskilyrði þar á meðal möguleika til frama og launa, sem líklegt er til þess að fólk laðist að þessum störfum og haldist í þeim.
3. Sú stefna, sem nefnd er í 1. tölulið þessarar greinar, skal mótuð í samráði við hlutaðeigandi samtök vinnuveitenda og launþega þar sem slík samtök fyrirfinnst.
4. Í samráði við hlutaðeigandi samtök vinnuveitenda og launþega skal samræma þessa stefnu aðgerðum, sem varða önnur atriði heilbrigðismála og aðra launþega á þessu sviði.

## 3. gr.

1. Frumkröfurnar varðandi hjúkrunarnám og þjálfun og eftirlit með því skulu settar með lögum eða reglugerðum eða af hlutaðeigandi stjórnvaldi, eða hlutaðeigandi faglegri stofnun, sem veitt er umboð til þess með lögum eða reglugerðum.
2. Hjúkrunarnám og þjálfun skal samræma námi og þjálfun annarra heilbrigðisstétta.

## 4. gr.

Lög eða reglugerðir skulu ákveða skilyrðin fyrir réttindum til að stunda hjúkrunarstörf og einskorða þau réttindi við þá, sem fullnægja þessum skilyrðum.

## 5. gr.

1. Gera skal ráðstafanir til aukinnar þátttöku hjúkrunarfólks í skipulagningu hjúkrunarþjónustu og meira samráðs við það um ákvarðanir, er hjúkrunarfólk varðar á þann hátt, sem hæfir aðstæðum í landinu.
2. Ákvarðanir um ráðningarkjör og vinnuskilyrði ætti helst að taka með samningum milli hlutaðeigandi samtaka vinnuveitenda og launþega.
3. Lausnar á deilum, sem upp koma í sambandi við ákvörðun ráðningar- og starfskjara skal leita með samningaviðræðum aðila eða með þeim hætti að tryggð sé tiltrú aðila, sem hlut eiga að máli, með sjálfstæðum og hlutlausum hætti svo sem með málamiðlun, sáttum eða gerðardómum, sem aðilar eru ásáttir um.

## 6. gr.

Hjúkrunarfólk skal njóta kjara, er a. m. k. jafnist á við þau kjör, sem aðrir launþegar í landinu njóta að því er varðar eftirtalin atriði:

- a. vinnutíma, þar á meðal fyrirkomulag og greiðslur fyrir yfirvinnu, óþægilegan vinnutíma og vaktavinnu;
- b. vikulega hvíld;
- c. launað orlof á ári hverju;
- d. námsfrí;
- e. barnsburðarfrí;
- f. veikindafrí;
- g. félagslegt öryggi.

## 7. gr.

Ef þörf gerist skal sérhvert aðildarríki leitast við að bæta gildandi lög og reglugerðir um heilbrigði og öryggi við vinnu með því að aðhæfa þau hinu sérstæða eðli hjúkrunarstarfa og því umhverfi, sem þau eru unnin í.

## 8. gr.

Ákvæðum þessarar samþykktar skal veita gildi með lögum eða reglugerðum að svo miklu leyti sem þau eru ekki gerð gildandi með öðrum hætti með heildarsamningum, starfsreglum, gerðardómum, dómsúrskurðum, eða með þeim hætti öðrum, sem samrýmist aðstæðum í landinu.

## 9. gr.

Formlegar fullgildingar á þessari samþykkt skulu sendar forstjóra Alþjóðavinnumála-skrifstofunnar til skrásetningar.

## 10. gr.

1. Þessi samþykkt skal einungis bindandi fyrir þau aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem hafa látið forstjóran skrá fullgildingar sínar.
2. Hún gengur í gildi tólf mánuðum eftir að fullgildingar tveggja aðildarríkja hafa verið skráðar hjá forstjóranum.
3. Síðan gengur þessi samþykkt í gildi, að því er snertir hvert aðildarríki, tólf mánuðum eftir að fullgilding þess hefur verið skráð.

## 11. gr.

1. Aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, getur sagt henni upp að liðnum tíu árum frá fyrstu gildistöku hennar. Tilkynningu um uppsögn skal senda forstjóra Alþjóðavinnumálastofnunarinnar til skrásetningar. Slík uppsögn öðlast ekki gildi fyrr en ár er liðið frá skrásetningardegi hennar.
2. Hvert það aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, en notfærir sér ekki innan árs frá lokum tíu ára tímabilsins, sem um getur í fyrri tölulið, rétt þann til uppsagnar, sem kveðið er á um í þessari grein, skal bundið af henni í annað tíu ára tímabil, og síðan getur það sagt þessari samþykkt upp að loknu hverju tíu ára tímabili í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

## 12. gr.

1. Forstjóri Alþjóðavinnumálastofnunarinnar skal tilkynna öllum aðildarríkjum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar skráningu allra fullgilinga og uppsagna, sem aðildarríki stofnunarinnar hafa sent honum.
2. Þegar forstjórinn tilkynnir aðildarríkjum stofnunarinnar skrásetningu annarrar fullgildingarinnar, sem honum berst, skal hann vekja athygli þeirra á, hvaða dag samþykktin gangi í gildi.

## 13. gr.

Forstjóri Alþjóðavinnumálastofnunarinnar skal senda aðalritara Sameinuðu þjóðanna til skrásetningar samkvæmt 102. grein sáttmála Sameinuðu þjóðanna allar upplýsingar um fullgildingar og uppsagnir, sem hann hefur skrásett í samræmi við ákvæði undanfarandi greina.

## 14. gr.

Þegar stjórn Alþjóðavinnumálastofnunarinnar kann að álíta það nauðsynlegt, skal hún leggja fyrir allsherjarþingið skýrslu um framkvæmd þessarar samþykktar og athuga jafnframt, hvort æskilegt sé að setja á dagskrá þingsins breytingar á henni allri eða hluta hennar.

## 15. gr.

1. Ef þingið gerir nýja samþykkt, sem breytir þessari samþykkt að meira eða minna leyti og sú samþykkt mælir ekki fyrir á annan veg, þá skal:
  - a. fullgilding aðildarríkis á hinni nýju samþykkt ipso jure hafa í för með sér tafarlausa uppsögn þessarar samþykktar, hvað sem ákvæðum 11. greinar hér að framan líður, ef hin nýja samþykkt öðlast gildi og þá frá þeim tíma er það gerist;
  - b. aðildarríkjum ekki heimilt að fullgilda þessa samþykkt, eftir að hin nýja samþykkt gekk í gildi.
2. Þessi samþykkt skal, hvað sem öðru líður, halda gildi sínu eins og hún er að formi og efni hvað snertir þau aðildarríki, sem hafa fullgilt hana en ekki hina nýju samþykkt.

## 16. gr.

Hinn enski og franski texti þessarar samþykktar eru jafngildir.

### Fylgiskjal III.

#### **Tillaga nr. 156 um verndun verkamanna gegn hættu frá loftmengun, hávaða og titringi á vinnustað.**

Allsherjarþing Alþjóðavinnuálastofnunarinnar, er kom saman til sextugustu og þriðju þingsetu sinnar í Genf hinn 1. júní 1977 eftir kvaðningu stjórnar Alþjóðavinnuálastofnunarinnar,

minnist ákvæða gildandi alþjóðavinnuálastofnunarinnar og tillagna, sem þetta mál varða, og þá einkum Tillögu um heilsuvernd á vinnustöðum 1953, Tillögu um heilsugæslu á vinnustöðum 1959, Samþykktar og Tillögu um vernd verkamanna gegn geislun 1960, Samþykktar og Tillögu um öryggisbúnað véla 1963, Samþykktar um hætur vegna slysa við vinnu 1964, Samþykktar og Tillögu um heilbrigðisráðstafanir í verslunum og skrifstofum 1964, Samþykktar og Tillögu um vernd gegn eitrunarhættu frá benseni 1971 og Samþykktar og Tillögu um krabbamein sem atvinnusjúkdóm 1974,

hefur samþykkt ákveðnar ábendingar um mengun andrúmslofts, hávaða og titring á vinnustað, en það er fjórða mál á dagskrá þessa þings, og

þar sem þingið hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli gerðar í tillöguformi til uppfyllingar Samþykktar um verndun verkamanna gegn hættu frá loftmengun, hávaða og titringi á vinnustað 1977, gerir þingið í dag hinn 20. júní 1977 eftirfarandi tillögu, sem nefnist Tillaga um vinnustaði (loftmengun, hávaða og titring) 1977:

#### **I. Gildissvið.**

1. (1) Svo sem framast er unnt ættu ákvæði Samþykktar um vinnustaði (loftmengun, hávaða og titring), 1977 og þessarar tillögu að taka til allrar efnahagslegrar starfsemi.
- (2) Gera ætti ráðstafanir til þess að veita mönnum, sem vinna hjá sjálfum sér, vernd á vinnustað, er samsvari þeirri vernd, sem kveðið er á um í Samþykkt um vinnustaði (loftmengun, hávaða og titring.), 1977, og þessari tillögu.

## II. Aðgerðir til varna og verndar.

2. (1) Hlutaðeigandi stjórnvald ætti að kveða á um tegund, tíðni og framkvæmd eftirlits með loftmengun, hávaða og titringi á vinnustað, sem skal framkvæmt á ábyrgð atvinnurekandans.
- (2) Hið sérstaka eftirlit með hættumörkum, sem um ræðir í 8. grein Samþykktar um vinnustaði (loftmengun, hávaða og titring) 1977 ætti að fara fram á vinnustað þegar vélar eða búnaður er fyrst tekinn í notkun eða þeim breytt verulega, eða þegar nýjar vinnsluaðferðir eru upp teknar.
3. Atvinnurekendum ætti að vera skylt að sjá til þess að sá búnaður sem notaður er til varnar gegn loftmengun, hávaða og titringi, sé skoðaður reglulega, honum sé vel við haldið og hann endurnýjadur.
4. Verkamenn og/eða fulltrúar þeirra og eftirlitið ættu að hafa aðgang að skýrslum um framkvæmt eftirlit á vinnustað og skýrslum um skoðun, viðhald og endurnýjun tækja og búnaðar, sem notaður er í þessu skyni.
5. Efni, sem eru skaðleg heilsu manna eða á annan hátt hættuleg og sem ætla má að blandist andrúmsloftinu á vinnustað, ætti að leysa af hólmi með efnum, sem eru skaðminni eða skaðlaus.
6. Nú hafa vinnsluaðferðir í för með sér loftmengun, hávaða eða titring á vinnustað, eins og það er skilgreint í 3. grein Samþykktar um vinnustaði (loftmengun, hávaða og titring) 1977, og ætti þá eftir því sem við verður komið að taka upp í þeirra stað vinnsluaðferðir, sem hafa í för með sér minni eða enga loftmengun, hávaða eða titring.
7. Hlutaðeigandi stjórnvald ætti að tiltaka þau efni, sem eru þess eðlis að framleiðslu þeirra öflun eða notkun á vinnustað ætti að banna eða binda sérstöku leyfi, sem háð væri sérstökum skilyrðum til varna og verndar.
8. (1) Þegar það á við ætti hlutaðeigandi stjórnvald að staðfesta reglur um mörk loftmengunar, hávaða og titrings frá vélum og búnaði.
- (2) Þessi mörk ættu eftir atvikum að nást með:
  - a. hönnun; eða
  - b. innbyggðum búnaði; eða
  - c. tæknilegum aðferðum við uppsetningu.
- (3) Skyldu til þess að tryggja að eftir þessum reglum sé farið, ætti að leggja á herðar framleiðanda eða seljanda véla eða búnaðar.
9. Þar sem þess gerist þörf, ætti framleiðsla, sala eða notkun véla eða búnaðar, sem ekki fullnægir kröfum 8. greinar þessarar tillögu, að vera háð leyfi hlutaðeigandi stjórnvalds, er krefjst þess að beitt sé tæknilegum og lögboðnum varúðarráðstöfunum.
10. Ákvæði 8. og 9. greina ættu ekki að leysa atvinnurekanda undan skyldum hans samkvæmt 6. grein Samþykktar um vinnustaði (loftmengun, hávaða og titring) 1977.
11. Atvinnurekandinn ætti að tryggja reglulegt eftirlit og viðhald véla og búnaðar varðandi hættuleg efni, ryk, hávaða og titring, er frá þeim kann að stafa.
12. Hlutaðeigandi stjórnvald ætti að setja reglur um viðurkenningu á persónulegum varnarbúnaði þegar þess gerist þörf til verndar heilbrigði verkamanna.
13. Í samræmi við 9. gr. b. í Samþykkt um vinnustaði (loftmengun, hávaða og titring) 1977, ætti hlutaðeigandi stjórnvald eftir því sem við á og í samráði við samtök atvinnurekenda og verkamanna að sjá um eða stuðla að því að dregið verði úr hættunni með viðeigandi skipulagningu vinnunnar, þ. á m. styttingu vinnutíma án kauplækkunar.
14. Þegar hlutaðeigandi stjórnvald mælir fyrir um varnir og viðnám gegn loftmengun, hávaða og titringi á vinnustað, ætti það að hafa til hliðsjónar nýjustu reglur og leiðbeiningar, sem Alþjóðavinnuáskrifstofan hefur samið og niðurstöður funda sérfræðinga, sem Alþjóðavinnuáskrifstofan kann að hafa boðað til svo og upplýsingar frá öðrum hæfum aðilum.

15. Þegar hlutaðeigandi stjórnvald mælir fyrir um varnir og viðnám gegn loftmengun, hávaða og titringi á vinnustað, ætti það að hafa til hliðsjónar tengslin milli verndar á vinnustað og almennrar umhverfisverndar.

### III. Heilbrigðiseftirlit verkamanna.

16. (1) Heilbrigðiseftirlit verkamanna, sem kveðið er á um í 11. grein Samþykktar um vinnustaði (loftmengun, hávaða og titring) 1977, ætti eftir ákvörðunum hlutaðeigandi stjórnvalds að vera fólgið í:
- a. lækni skoðun áður en hlutaðeigandi er ráðinn til starfa;
  - b. lækni skoðun á hæfilegum fresti;
  - c. líffræðilegum eða öðrum prófunum eða rannsóknum, sem nauðsynlegar kunna að vera til þess að staðreyna hve miklum áhrifum hlutaðeigandi hefur orðið fyrir og kanna heilbrigði hans;
  - d. lækni skoðun, líffræðilegum prófunum eða öðrum rannsóknum að ráðningartíma loknum, sem verkamenn ættu að eiga rétt á reglulega eða um lengri tíma ef lækni skoðing er ástæður mæla með þeim.
- (2) Hlutaðeigandi stjórnvald ætti að krefjast þess að verkamaðurinn fái aðgang að niðurstöðum allra slíkra rannsókna og prófa svo og heimilislæknir hans ef verkamaðurinn æskir þess.
17. Eftirlit það, sem um ræðir í 16. grein þessarar tillögu ætti yfirleitt að fara fram í vinnutíma og verkamanninum að kostnaðarlausu.
18. (1) Hlutaðeigandi stjórnvald ætti að koma upp skýrslukerfi lækni skoðingra upplýsinga, sem fást samkvæmt 16. grein þessarar tillögu og kveða á um hvernig það skuli virka. Sjá ætti til þess að þessar skýrslur séu varðveittar hæfilega lengi svo að þær séu til reiðu við rannsóknir á farsóttum eða aðrar rannsóknir með þeim hætti þannig úr garði gerðar að nöfn einstaklinga séu þar aðeins tiltæk fyrir viðkomandi stjórnvöld.
- (2) Að því marki sem hlutaðeigandi stjórnvald ákveður, ættu skýrslurnar að hafa að geyma upplýsingar um þá loftmengun, hávaða og titring, sem fyrirfinnst á vinnustaðnum.
19. Þegar framhald ráðningar til vinnu, sem hefur í för með sér loftmengun hávaða eða titring, reynist lækni skoðing óráðlegt, ætti að gera allt sem unnt er, með félagslegum aðgerðum eða á annan veg, með tilliti til aðstæðna í hverju landi, til þess að láta hlutaðeigandi verkamann fá annað starf við hans hæfi og hann haldi sömu tekjum og áður.
20. Aðgerðir til þess að framfylgja þessari tillögu ættu ekki að hafa óhagstæð áhrif á rétt verkamanna samkvæmt lögum um félagslegt öryggi eða félagslegar tryggingar.

### IV. Þjálfun, upplýsingar og rannsókn.

21. (1) Hlutaðeigandi stjórnvald ætti að gera ráðstafanir til þess að þjálfa og fræða alla hlutaðeigendur um varnir, viðnám og vernd gegn þeim hættum, sem fyrir hendi eru og búast má við á vinnustað vegna loftmengunar, hávaða og titrings.
- (2) Atvinnurekandinn ætti að tilkynna fulltrúum verkamanna fyrirtækisins og hafa samráð við þá fyrirfram um áform, aðgerðir og ákvarðanir, sem geta haft skaðleg áhrif á heilsu verkamanna af völdum loftmengunar hávaða og titrings á vinnustað.
- (3) Áður en verkamenn eru settir til starfa, sem getur haft í för með sér hættu frá loftmengun, hávaða eða titringi ætti atvinnurekandinn að gera þeim grein fyrir hættunni, öryggis- og heilbrigðisráðstöfunum og möguleikum til að fá lækni-þjónustu.

22. (1) Í náinni samvinnu við samtök atvinnurekenda og verkamanna og með aðstoð alþjóðlegra og innlendra stofnana eftir því sem við á ætti hlutaðeigandi stjórnvald að efla, styðja og styrkja rannsóknir á sviði verndar og viðnáms gegn hættum frá loftmengun, hávaða og titringi á vinnustað.
- (2) Öllum hlutaðeigandi ætti að kynna tilgang og niðurstöður slíkra rannsókna.
23. Félagssamtök atvinnurekenda og verkamanna ættu að gera gangskör að því að framkvæma áætlanir um þjálfun og fræðslu varðandi varnir, viðnám og vernd gegn þeim hættum, sem fyrir hendi eru og búast má við á vinnustað vegna loftmengunar, hávaða og titrings.
24. Trúnaðarmenn verkamanna innan fyrirtækja ættu að hafa aðstöðu og nauðsynlegan tíma, án kaupskerðingar, til þess að gegna virku hlutverki í sambandi við vernd, viðnám og varnir gegn hættu á vinnustað frá loftmengun, hávaða og titringi. Í þessu skyni ættu þeir að eiga rétt á því að leita aðstoðar viðurkenndra sérfræðinga að eigin vali.
25. Í sambandi við notkun efnis á vinnustað, sem getur verið skaðlegt heilsu manna eða á annan veg hættulegt, ætti að gera nauðsynlegar ráðstafanir til tryggingar því að fyrir liggja nægilegar upplýsingar um:
- niðurstöður allra viðeigandi prófana varðandi efnið; og
  - þær aðstæður, sem þurfa að vera fyrir hendi til þess að tryggt sé að efnið hafi ekki í för með sér hættu fyrir heilsu verkamanna þegar það er notað á réttan hátt.

#### V. Framkvæmdahættir.

26. Sérhvert aðildarríki ætti:
- með lögum, reglugerðum eða öðrum þeim hætti, sem við á í hverju landi, að gera þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru til þess að beitt sé ákvæðum þessarar tillögu, m. a. með setningu ákvæða um viðurlög;
  - sjá fyrir viðeigandi eftirliti til þess að fylgjast með framkvæmd ákvæða tillögunnar, eða ganga úr skugga um að viðeigandi eftirlit sé framkvæmt;
  - að leitast við að gera þetta svo skjótt sem aðstæður í landinu leyfa.
27. Í sambandi við það að koma ákvæðum þessarar tillögu í framkvæmd ætti hlutaðeigandi stjórnvald að hafa samráð við aðalsamtök atvinnurekenda og verkamanna, sem hlut eiga að máli svo og samtök idnrekenda, kaupsýslumanna og innflytjenda eftir því sem við á.
28. (1) Ákvæði þessarar tillögu, sem varða hönnun, framleiðslu og sölu véla og búnaðar í samræmi við samþykktar kröfur ættu þegar í stað að taka til nýrra véla og búnaðar.
- (2) Hlutaðeigandi stjórnvald ætti svo fljótt sem við verður komið að ákvarða hæfileg tímamörk fyrir breytingar á vélum og búnaði, sem fyrir er.

#### Fylgiskjal IV.

##### **Tillaga nr. 157 um atvinnu, vinnuskilyrði og líf skjör hjúkrunarfólks.**

Allsherjarþing Alþjóðavinnuálastofnunarinnar, er kom saman til sextugustu og þriðju þingsetu sinnar í Genf hinn 1. júní 1977 eftir kvaðningu stjórnar Alþjóðavinnuálastofnunarinnar,

viðurkennir hinn veigamikla þátt, sem hjúkrunarfólk ásamt öðru starfslíði heilbrigðisþjónustunnar á í því að vernda og bæta heilsu og velferð almennings,

leggur áherslu á nauðsyn þess að efla heilbrigðisþjónustu með samvinnu ríkisstjórna og hlutaðeigandi samtaka vinnuveitenda og starfsmanna til þess að tryggja hjúkrunarþjónustu sem hæfi þörfum samfélagsins,

viðurkennir að hið opinbera sem vinnuveitandi hjúkrunarfólks ætti að eiga sérlega raunhæfan þátt í því að bæta kjör og vinnuskilyrði hjúkrunarfólks, gerir sér ljóst að núverandi aðstæður hjúkrunarfólks í mörgum löndum þar sem skortur er á sérhæfðu fólki og tiltækt starfslið er ekki alltaf nýtt á sem bestan hátt, er þrándur í götu þróunar raunhæfrar heilbrigðisþjónustu,

minnst þess að til hjúkrunarfólks taka margar samþykktir og tillögur Alþjóðavinnu-  
málastofnunarinnar, sem hafa að geyma almennar reglur um atvinnu og vinnuskilyrði svo sem gjörningar um mismunun, um félagsfrelsi og samningsrétt, um frjálsar sættir og gerðir, um vinnutíma, orlof með launum og námsfrí, um félagslegt öryggi og velferðarmál, og um mæðravernd og heilsuvernd starfsfólks,

telur að hinar sérstöku aðstæður við hjúkrun geri það æskilegt að bæta við hinar nefndu almennu reglur sérstökum reglum fyrir hjúkrunarfólk, sem tryggji því þá stöðu, sem svari til hlutverks þess í heilbrigðismálum og það getur sætt sig við,

minnst þess að eftirfarandi reglur hafa verið samdar í samvinnu við Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina og að framvegis verður unnið með þeirri stofnun að því að stuðla að og tryggja framkvæmd þessara reglna,

hefur samþykkt ákveðnar ábendingar um ráðningar- og starfskjör og lífskjör hjúkrunarfólks, en það er sjötta mál á dagskrá þessa þings, og

þar sem þingið hefur ákveðið að ábendingar þessar skuli gerðar í tillöguformi, gerir þingið í dag hinn 21. júní 1977 eftirfarandi tillögu, sem nefnist Tillaga um hjúkrunarfólk, 1977:

### I. Gildissvið.

1. í þessari tillögu á orðið „hjúkrunarfólk“ við alla flokka manna, sem annast hjúkrun.
2. Þessi tillaga tekur til alls hjúkrunarfólks hvar sem það vinnur.
3. Að höfðu samráði við hlutaðeigandi samtök vinnuveitenda og launþega, þar sem þau eru til, getur hlutaðeigandi stjórnvald sett sérstakar reglur um hjúkrunarfólk sem innir af hendi hjúkrunarstörf í sjálfböðavinnu. Þessar reglur ættu ekki að draga úr ákvæðum II., III., IV. og IX. kafla þessarar tillögu.

### II. Stefna varðandi hjúkrunarþjónustu og hjúkrunarfólk.

4. (1) Sérhverft aðildarríki ætti að móta og framfylgja stefnu varðandi hjúkrunarþjónustu og hjúkrunarfólk, sem miði að því að tryggja svo mikla og góða hjúkrunarþjónustu sem nauðsynleg er til þess að heilbrigði almennings komist á svo hátt stig sem mögulegt er. Þetta skal gert á þann hátt, sem við á í hverju landi og fara fram innan ramma hinnar almennu stefnu í heilbrigðismálum.
- (2) Þessi nefnda stefna ætti:
  - a. að vera samræmd stefnu varðandi aðrar greinar heilbrigðisþjónustu og aðrar heilbrigðisstéttir í samráði við fulltrúa hinna síðarnefndu;
  - b. að taka til setningar löggjafar og reglugerða um menntun og þjálfun til undirbúnings og iðkunar hjúkrunarstarfa og aðlögunar slíkrar löggjafar og reglugerða að þróuninni varðandi þær hæfniskröfur og þá ábyrgð sem krafist er af hjúkrunarfólki til þess að fullnægt sé öllum kröfum, sem gerðar eru til hjúkrunarþjónustu;
  - c. hafa að geyma aðgerðir, sem:
    - (i) stuðli að raunhæfri nýtingu hjúkrunarfólks í landinu sem heild; og
    - (ii) stuðla að sem bestri nýtingu hæfileika hjúkrunarfólks í hinum ýmsu stofnunum, svæðum og greinum þar sem það starfar, og
  - d. þessa stefnu ætti að móta í samráði við þau samtök atvinnurekenda og launþega sem hlut eiga að máli.



5. (1) Í samráði við samtök atvinnurekenda og launþega, sem hlut eiga að máli, ætti að koma á fót eðlilegri flokkun hjúkrunarfólks með því að skipa því í takmarkaðan fjölda starfsgreina eftir menntun og þjálfun, störfum og starfshæfni.
- (2) Eftir því sem við á í hverju landi gæti slík flokkun tekið til eftirtalinna starfsgreina:
  - a. hjúkrunarfræðingar (professional nurses), sem hafa þá menntun og þjálfun, sem krafist er til þess að taka að sér flókin og ábyrgðarmikil störf og hafa leyfi til að stunda þau;
  - b. aðstoðarhjúkrunarfræðingar (auxiliary nurses), sem a. m. k. hafa þá menntun og þjálfun, sem talin er nauðsynleg til þess að taka að sér minna flókin störf undir umsjón hjúkrunarfræðings, eftir því sem við á, og hafa leyfi til að taka að sér slík störf;
  - c. sjúkraliðar (nursing aides), sem fengið hafa undirbúningsmenntun og/eða þjálfun í starfi, sem geri þá hæfa til þess að inna af hendi tiltekin störf undir eftirliti hjúkrunarfræðings eða aðstoðarhjúkrunarfræðings;
6. (1) Störf hjúkrunarfólks ætti að flokka eftir dómhæfni sem krafist er, valdi til ákvarðanatöku, hversu flókin eru tengslin við önnur störf, hversu mikillar tæknilegrar færni er krafist og hversu mikil ábyrgð fylgir starfinu.
- (2) Þá flokkun, sem þannig er gerð ætti að nota til þess að tryggja meira samræmi í uppbyggingu starfsins í hinum ýmsu stofnunum, landshlutum og greinum þar sem hjúkrunarfólk starfar.
- (3) Hjúkrunarfólk í tilteknum flokki ætti ekki að nota sem staðgengla fyrir hjúkrunarfólk í herra flokki nema í neyðartilvikum, um stundarsakir og því aðeins að það hafi nægilega þjálfun eða reynslu og það fái hæfilegar launagreiðslur.

### III. Menntun og þjálfun.

7. (1) Gera ætti ráðstafanir til þess að veita fólki, sem vill gera hjúkrun að ævistarfi, nauðsynlegar upplýsingar og leiðbeiningar um hjúkrunarstörf.
- (2) Þar sem það á við ætti að veita grunnmenntun í hjúkrunarfræðum í menntastofnunum innan hins almenna menntakerfis landsins á svipuðu stigi og öðrum hliðstæðum starfsstéttum.
- (3) Með lögum eða reglugerðum ætti að kveða á um grunnkröfur hjúkrunarnáms og þjálfunar og mæla fyrir um eftirlit með slíku námi og þjálfun, eða veita hlutaðeigandi stjórnvaldi eða til þess hæfri stofnun heimild til að annast það.
- (4) Hjúkrunarnám og þjálfun ætti að skipuleggja með hliðsjón af viðurkenndum þörfum samfélagsins og þeim möguleikum sem bjóðast í landinu og samræma það menntun og þjálfun annars starfsfólks á sviði heilbrigðismála.
8. (1) Hjúkrunarnám og þjálfun ætti að vera bæði bóklegt og verklegt í samræmi við námsskrá, sem sé opinberlega viðurkennd af hlutaðeigandi stjórnvöldum.
- (2) Verklegra þjálfun ætti að veita í viðurkenndum stofnunum sem annast varnaraðgerðir, lækningar og endurþjálfun undir eftirliti hæfra hjúkrunarfræðinga.
9. (1) Lengd grunnnáms og þjálfunar í hjúkrun ætti að miðast við þær lágmarkskröfur um menntun, sem gerðar eru til þess að hefja þjálfun og tilgang þjálfunar.
- (2) Grunnmenntun og þjálfun ætti að skiptast í tvö stig:
  - a. herra stig, sem miðar að því að þjálfá hjúkrunarfræðinga, sem hafa nægilega viðtæka og staðgóða þekkingu til þess að geta innt af hendi flóknustu hjúkrunarstörf og skipulagt og metið hjúkrunarstörf á sjúkrahúsum og öðrum heilbrigðisstofnunum. Eftir því sem við verður komið ættu nemar sem teknir eru á þetta stig náms eða þjálfunar að hafa þá undirbúningsmenntun, sem krafist er til inngöngu í háskóla;

- b. lægra stig, sem miðar að því að þjálfar aðstoðarhjúkrunarfræðinga, sem innt geta af höndum almenn hjúkrunarstörf, sem ekki eru eins flókin, en krefjast tæknilegrar þekkingar og hæfileika til persónulegra tengsla. Næmar, sem teknir eru til náms eða þjálfunar á þessu stigi ættu að hafa náð sem lengst á námsbraut framhaldsskóla.
10. Skipuleggja ætti æðri hjúkrunarmenntun til þess að búa hjúkrunarfólk undir hin mestu ábyrgðarstörf við hjúkrun, stjórnun hjúkrunarþjónustu, kennslu í hjúkrun og við rannsóknir og þróun á hjúkrunarsviði.
11. Sjúkraliðar ættu að hljóta bóklega og verklega fræðslu, er miðist við störf þeirra.
12. (1) Endurmenntun og þjálfun bæði á vinnustað og utan hans ætti að vera fastur þáttur í þeirri námsskrá, sem um getur í 1. lið 8. greinar þessarar tillögu og standa öllum til boða til þess að endurnýja og auka þekkingu og hæfni og til þess að gera hjúkrunarfólki kleift að afla sér og hagnýta nýjar hugmyndir og tækni á sviði hjúkrunar og skyldra fræðigreina.
- (2) Endurmenntun og endurþjálfun ætti að fela í sér námsefni, sem mundi stuðla að og greiða fyrir því að sjúkraliðar og aðstoðarhjúkrunarfræðingar öðlist frama í starfi.
- (3) Einnig ætti slíkt nám og þjálfun að fela í sér námsefni, sem létti fólki að hefja hjúkrunarstörf á ný eftir hlé.

#### IV. Iðkun hjúkrunarstarfa.

13. Lög eða reglugerðir um iðkun hjúkrunarstarfa ættu:
- a. að tiltaka skilyrði til þess að mega stunda hjúkrunarstörf sem hjúkrunarfræðingur eða aðstoðarhjúkrunarfræðingur og þegar vottorð um að tilskilinni menntun eða þjálfun hafi verið fullnægt gefur handhafa þess ekki sjálfkrafa rétt til þessara starfa, ætti að veita nefnd, sem í væru fulltrúar hjúkrunarfólks, heimild til þess að veita slík starfsleyfi;
- b. að einskorða þessi störf við fólk með full réttindi;
- c. að endurskoða og endurnýja eftir þörfum í samræmi við framfarir og venju í starfgreininni.
14. Reglurnar um iðkun hjúkrunarstarfa ætti að samræma reglum um aðrar heilbrigðisstéttir.
15. (1) Hjúkrunarfólk ætti ekki að setja til starfa, sem eru ofviða hæfni þess og getu.
- (2) Nú eru einstaklingar ekki hæfir til starfa, sem þeir hafa þegar verið settir til og skyldu þeir þá þjálfaðir svo fljótt sem við verður komið svo þeir öðlist nauðsynlega hæfni og greiða ber fyrir undirbúningi þeirra til að ná þessari hæfni.
16. Gefa ætti gaum að aðgerðum, sem þörf kann að vera á vegna borgaralegrar ábyrgðar hjúkrunarfólks í störfum þess.
17. Allar agareglur, sem gilda fyrir hjúkrunarfólk ætti að setja með þátttöku fulltrúa hjúkrunarfólks og þær ættu að tryggja því réttláta málsmeðferð og tilhlýðilegan áfrýjunarrétt þar með talinn réttinn til þess að hafa talsmann eftir eigin vali á öllum stigum málsins með þeim hætti sem hæfir aðstæðum í hverju landi.
18. Hjúkrunarfólk ætti að geta krafist þess að vera undanþegið sérstökum störfum vítalaut ef þau samrýmast ekki trúarbrögðum þess eða siðgæðisvitund, enda skýri það yfirmanni sínum tímanlega frá mótbárum sínum svo að unnt sé að gera nauðsynlegar ráðstafanir til tryggingar því að nauðsynlega hjúkrun sjúklinga saki ekki.

#### V. Þátttaka.

19. (1) Gera ætti ráðstafanir til þess að auka þátttöku hjúkrunarfólks í skipulagningu og ákvörðunum varðandi stefnu í heilbrigðismálum landsins almennt og sér í lagi starfsgrein þess á öllum stigum og á þann hátt, sem við á í hverju landi.

- (2) Sérstaklega ætti að sjá svo um:
- að til þess hæfir fulltrúar hjúkrunarfólks eða félaga, sem fara með umboð þess, taki þátt í mótun og framkvæmd stefnu og almennra reglna varðandi hjúkrunarfagið, meðal annars að því er tekur til menntunar, þjálfunar og starfs;
  - að ráðningar- og starfskjör séu ákveðin með samningum hlutaðeigandi félaga vinnuveitenda og launþega;
  - að til lausnar á deilum, sem upp koma í sambandi við ákvörðun ráðningar- og starfskjara, sé leitað með samningaviðræðum aðila eða fyrir milligöngu sjálfstæðs og hlutlauss aðila svo sem sáttasemjara eða gerðardóms, með það fyrir augum að gera það ónaðsynlegt fyrir félög, sem fara með umboð hjúkrunarfólks, að grípa til aðgerða, sem félög annarra launastétta geta yfirleitt beitt til varnar lögmætum hagsmunum sínum;
  - að hjúkrunarfólk eða fulltrúar þess í þeim skilningi, sem fram kemur í 3. grein samþykktarinnar frá 1971 um fulltrúa verkamanna, taki þátt í ákvörðunum varðandi starfskjör þess á þann hátt, sem við á í hverju tilviki.
20. Fulltrúar hjúkrunarfólks ættu að njóta þeirrar verndar, sem kveðið er á um í samþykkt og tillögu frá 1971 um trúnaðarmenn verkamanna.

#### VI. Frami í starfi.

21. (1) Gera ætti ráðstafanir til þess að veita hjúkrunarfólki hæfilega möguleika til frama í starfi með því að veita því nægilega fjölbreytta möguleika til þess að vinna sig upp. Veita ætti því aðgang að stjórnandi störfum, menntun, rannsóknnum og þróunarstörfum á hjúkrunarsviði og það ætti að falla undir flokkunar- og launakerfi, sem tekur mið af störfum, sem hafa í för með sér aukna ábyrgð og krefjast meiri hæfni og traustari dómhæfni í starfi.
- (2) Í þessum ráðstöfunum ætti að viðurkenna mikilvægi þeirra starfa, sem hafa í för með sér bein samskipti við sjúklinga og almenning.
22. Ráðstafanir ætti að gera til þess að veita hjúkrunarfólki leiðbeiningar og fræðslu um framahorfur og eftir því sem við á um möguleika á því að hefja hjúkrunarstörf á ný eftir nokkurt hlé.
23. Við ákvörðun þess, með hvaða kjörum skuli ráða hjúkrunarfólk, sem hefur störf að nýju eftir hlé, ætti að taka tillit til fyrri starfsreynslu í hjúkrun og hversu langt starfshléið hefur verið.
24. (1) Hjúkrunarfólk, sem hefur vilja og getu til þess að taka þátt í endurmenntun og þjálfun, ætti að fá nauðsynlega aðstoð til þess.
- (2) Þessi aðstoð gæti verið fólgin í veitingu námsorlofs með eða án kaupgreiðslu, tilhliðrun um vinnutíma og greiðslu náms- eða þjálfunarkostnaðar. Þar sem því verður við komið ætti að veita hjúkrunarfólki námsorlof með launum í samræmi við Samþykkt frá 1974 um námsorlof með launum.
- (3) Atvinnurekendur ættu að sjá fyrir starfslíði og aðstöðu til þjálfunar hjúkrunarfólks í starfi, helst á vinnustað.

#### VII. Laun.

25. (1) Laun hjúkrunarfólks ætti að ákvarða þannig, að þau samsvari félagslegum og fjárhagslegum þörfum þess, hæfni, ábyrgð, skyldum og reynslu og með tilliti til þess álags og þeirrar áhættu, sem starfinu fylgir og enn fremur að þau séu líkleg til þess að laða fólk að starfsgreininni og halda því í henni.
- (2) Launastigin ættu að vera sambærileg við launastig í öðrum störfum, sem krefjast sambærilegrar hæfni og hafa í för með sér svipaða eða jafnmikla ábyrgð.

- (3) Launastig hjúkrunarfólks, sem gegnir svipuðum eða sömu skyldum og vinnur við svipuð eða sömu skilyrði, ættu að vera sambærileg í hvaða stofnun eða landshluta sem það starfar.
- (4) Launin ætti að lagfæra öðru hvoru til samræmis við breytingar á framfærslukostnaði og hækkunar á lífskjörum í landinu.
- (5) Laun hjúkrunarfólks ætti helst að ákvarða með heildarsamningi.
- 26. Launastig ætti að ákvarða með hliðsjón af flokkun starfa og ábyrgðar, eins og lagt er til í 5. og 6. grein og þeim reglum um möguleika til frama í starfi, sem greinir í 21. grein þessarar tillögu.
- 27. Hjúkrunarfólk, sem starfar við sérlega erfið eða óþægileg skilyrði, ætti að fá uppbót fyrir það.
- 28. (1) Laun ætti að greiða einungis í peningum.
- (2) Frádrátt af launum ætti einungis að leyfa með þeim skilyrðum og í þeim mæli sem lög eða reglugerðir segja eða ákveðið er í heildarsamningum eða gerðardómum.
- (3) Hjúkrunarfólki ætti að vera frjálst að ákveða hvort það hagnýtir sér þá þjónustu, sem vinnuveitandi lætur í té, eða ekki.
- 29. Vinnuveitandinn ætti að láta hjúkrunarfólki í té, og viðhalda því að kostnaðarlausu, vinnuföt, hjúkrunargögn, flutningstæki og önnur hjálpargögn, sem vinnuveitandi krefst eða nauðsynleg eru við vinnuna.

#### VIII. Vinnutími og hvíldartími.

- 30. Í þessari tillögu:
  - a. merkja orðin „venjulegur vinnutími“ þann stundafjölda, sem ákveðinn er í hverju landi með eða samkvæmt lögum, reglugerðum, heildarsamningum eða gerðardómum;
  - b. merkir orðið „yfirvinnutími“ vinnustundir umfram venjulegan vinnutíma;
  - c. merkir orðið „bakvakt“ þann tíma, sem hjúkrunarfólk er á vinnustað eða annarsstaðar reiðubúið til starfa ef vinnuveitandi kallar;
  - d. merkja orðin „óþægilegur vinnutími“ vinnustundir á öðrum dögum en venjulegum vinnudögum og á öðrum tíma en venjulegum vinnutíma í landinu.
- 31. Sá tími, sem hjúkrunarfólk er til ráðstöfunar fyrir vinnuveitanda svo sem tíminn, sem í það fer að skipuleggja störf þess og tíminn sem fer til þess að taka við fyrimælum og flytja þau ætti að teljast vinnutími, að teknu tilliti til hugsanlegra sérákvæða varðandi bakvaktir.
- 32. (1) Venjulegur vinnutími hjúkrunarfólks á viku ætti ekki að vera lengri en almennt gildir um launþega í landinu.
- (2) Í löndum þar sem venjuleg vinnuvika launþega er lengri en 40 stundir, ætti að gera ráðstafanir til þess að stytta vinnuviku hjúkrunarfólks að því marki smám saman, en svo fljótt sem við verður komið, án lækkunar launa í samræmi við 9. grein Tillögu frá 1962 um styttingu vinnutíma.
- 33. (1) Venjulegur vinnutími á dag ætti að vera samfelldur og ekki lengri en átta stundir, nema kveðið sé á um sveigjanlegan vinnutíma eða stytta vinnuviku í lögum, reglugerðum, heildarsamningum, starfsreglum eða gerðardómum. Jafnan ætti vinnuvikan að vera innan þeirra marka, sem greinir í grein 32 (1) í þessari tillögu.
- (2) Vinnudagurinn að meðtöldum yfirvinnutíma ætti ekki að fara fram úr 12 stundum.
- (3) Tímabundnar undanþágur frá ákvæðum þessarar greinar ætti einungis að leyfa þegar sérlega brýn nauðsyn krefur.
- 34. (1) Veita ætti hæfilega löng matarhlé.
- (2) Á hinum venjulega vinnutíma ætti að veita hæfilega löng hlé til hvíldar.

35. Vinnustundaskrá ætti að kynna hjúkrunarfólki með nægilegum fyrirvara svo að það geti skipulagt einkalíf sitt og fjölskyldu sinnar í samræmi við hana. Frávik frá þessari stundaskrá ætti einungis að veita þegar brýn nauðsyn krefur.
36. (1) Þar sem hjúkrunarfólk á rétt á samfelldri vikulegri hvíld, sem er styttri en 48 stundir ætti að gera ráðstafanir til þess að lengja hana að því marki.
- (2) Vikulegur hvíldartími hjúkrunarfólks ætti aldrei að vera skemmri en 36 samfelldar stundir.
37. (1) Takmarka ætti af fremsta megni yfirvinnu, vinnu á óþægilegum vinnutíma og bakvaktir.
- (2) Yfirvinnu og vinnu á almennum frídögum ætti að bæta með fríi og/eða hærri launum en hinum venjulegu.
- (3) Vinnu á óþægilegum vinnutíma utan almennra frídaga ætti að bæta með launauppbót.
38. (1) Vaktavinnu ætti að bæta með launauppbótum, sem ekki ættu að vera lægri en gildir um önnur störf í landinu.
- (2) Hjúkrunarfólk, sem vinnur á vöktum ætti að hafa a. m. k. 12 stunda hvíld milli vakta.
- (3) Forðast ætti að kljúfa vinnuvakt með tíma sem ekki er greitt fyrir.
39. (1) Hjúkrunarfólki ætti að vera rétt og skylt að taka launað árlegt orlof, sem sé a. m. k. jafnlangt orlofi annarra launþega í landinu.
- (2) Þar sem árlegt orlof með kaupum er skemmra en fjórar vikur fyrir eins árs starf, ætti að gera ráðstafanir til þess að lengja það að því marki smám saman og svo fljótt sem unnt er, að því er tekur til hjúkrunarfólks.
40. Hjúkrunarfólk sem vinnur við sérlega erfiðar eða óþægilegar aðstæður ætti að njóta fækkunar vinnustunda og/eða lengri hvíldartíma án lækkunar launa.
41. (1) Hjúkrunarfólk, sem er frá vinnu vegna veikinda eða slysa, ætti um þann tíma og á þann hátt, sem ákveðinn er með lögum, reglugerðum eða heildarsamningum að eiga rétt á:
- a. að halda starfsstöðu sinni og réttindum, sem henni fylgja;
- b. tekjutryggingu.
- (2) Í lögum eða reglugerðum eða heildarsamningum, sem kveða á um rétt til veikindadaga, ætti að greina á milli:
- a. Sjúkdóms- eða slysatilfella, sem rekja má til starfsins;
- b. þeirra tilvika er hlutaðeigandi er ekki ófær til vinnu, en verður að vera frá vinnu til þess að stofna ekki heilsu annarra í hættu;
- c. sjúkdóms- eða slysatilfella, sem ekki eru í tengslum við starfið.
42. (1) Án tillits til hjúskaparstéttar ætti hjúkrunarfólk að njóta þeirra bóta og verndar, sem kveðið er á um í Samþykkt frá 1952 um mæðravernd og Tillögu frá 1952 um mæðravernd.
- (2) Barnsburðarorlof ætti ekki að teljast veikindafrí.
- (3) Þær aðgerðir, sem um ræðir í Tillögu frá 1965 um vinnu kvenna með framfærsluskyldu ættu að taka til hjúkrunarfólks.
43. Í samræmi við 19. grein þessarar tillögu ætti að taka ákvarðanir um skipulag vinnu, vinnutíma og hvíldartíma með samþykki eða í samráði við fulltrúa hjúkrunarfólks, sem kosnir eru í frjálsum kosningum, eða félagssamtök, sem fara með umboð þess. Sér í lagi ætti að ákvarða:
- a. hvaða tími skuli teljast óþægilegur vinnutími;
- b. hvenær bakvaktir skuli teljast vinnutími;
- c. hvenær veittar verði þær undanþágur, sem um ræðir í (3). málsgrein 33. greinar og 35. grein þessarar tillögu;

- d. lengd hléa, sem kveðið er á um í 34. grein þessarar tillögu og hvernig þau skuli tekin;
- e. form og fjárhæð bóta, sem um ræðir í 37. og 38. grein þessarar tillögu;
- f. vinnustundaskrár;
- g. hvaða aðstæður skuli teljast sérlega erfiðar eða óþægilegar í skilningi 27. og 40. greinar þessarar tillögu.

### IX. Heilsuvernd.

- 44. Sérhvert aðildarríki ætti að leitast við að aðlaga lög og reglugerðir um heilsuvernd og öryggi við vinnu hinu sérstæða eðli hjúkrunarstarfa og því umhverfi, sem þau fara fram í og að auka þá vernd, sem löggjöfin veitir.
- 45. (1) Hjúkrunarfólk ætti að eiga aðgang að þeirri heilbrigðisþjónustu, sem starfrækt er í samræmi við ákvæði Tillögu frá 1959 um heilsugæslu á vinnustöðum.
- (2) Í löndum þar sem heilbrigðisþjónustu hefur ekki enn verið komið á fót í öllum fyrirtækjum, ætti fyrst og fremst að koma slíkri þjónustu á fót í heilbrigðisstofnunum sem hafa hjúkrunarfólk í þjónustu sinni í samræmi við 4. grein þeirrar tillögu.
- 46. (1) Sérhvert aðildarríki og hlutaðeigandi samtök vinnuveitenda og launþega ættu að gefa sérstakan gaum að Tillögu frá 1953 um heilsuvernd verkamanna og leitast við að tryggja það, að hún taki til hjúkrunarfólks.
- (2) Í samræmi við 1.—7. grein þeirrar tillögu ætti að gera viðeigandi ráðstafanir til þess að fyrirbyggja, minnka eða útiloka hættu fyrir heilsu eða öryggi hjúkrunarfólks.
- 47. (1) Hjúkrunarfólk ætti að gangast undir læknisskoðun við upphaf og lok starfs og á reglubundnum fresti meðan það er í starfi.
- (2) Hjúkrunarfólk, sem stöðugt er látið vinna við aðstæður, sem hafa í för með sér ákveðna hættu fyrir heilsu þess eða annarra í návist þess eða gera má ráð fyrir slíkri hættu, ætti að gangast undir læknisskoðanir á vissum fresti er miðist við þá hættu, sem fyrir hendi er.
- (3) Óhlutdrægni og trúnað ætti að tryggja við þær skoðanir sem um ræðir í þessari grein. Skoðanir þær, sem um ræðir ættu ekki að vera framkvæmdar af læknum, sem eru í nánnum starfstengslum við þá einstaklinga sem skoða á.
- 48. (1) Kannanir ætti að gera og endurtaka til þess að staðreyna þær sérstöku hættur, sem hjúkrunarfólk kann að vera í við störf sín svo að fyrirbyggja megi þær og veita bætur fyrir þær eftir því sem við á.
- (2) Í þessu skyni ætti að tilkynna hlutaðeigandi stjórnvaldi um vinnuslys og sjúkdómstilfelli, sem viðurkennt er að sé atvinnusjúkdómar, samkvæmt lögum eða reglugerðum um bætur fyrir vinnuslys, eða líklegt er að rekja megi til vinnunnar. Tilkynningar þessar ættu að vera í því formi, sem ákveðið sé í lögum eða reglugerðum í samræmi við 14.—17. grein í Tillögu frá 1953 um heilsuvernd verkamanna.
- 49. (1) Með öllum tiltækum ráðum ætti að tryggja það að hjúkrunarfólk sé ekki sett í sérstaka hættu. Þegar ekki verður komist hjá sérstakri hættu ætti að draga úr henni svo sem unnt er.
- (2) Til þess að draga úr hættu sem það hjúkrunarfólk er í, sem stöðugt vinnur störf sem hætta fylgir, ætti að gera ráðstafanir, sem gætu verið fólgnar í notkun hlífðarfatnaðar, ónæmisáðgerðum, styttri vinnutíma, fjölgun hvíldarstunda, lausn frá hættu um stundarsakir eða lengra árlegu orlofi.
- (3) Þar að auki ætti hjúkrunarfólk, sem er í sérstakri hættu, að fá fébætur.
- 50. Barnshafandi konur og foreldrar ungra barna, sem venjulega vinna störf, sem gætu verið skaðleg heilsu þeirra eða barns þeirra, ætti að flytja í önnur störf, sem hæfa ástæðum þeirra, án þess að réttindi þeirra skerðist.

51. Leita ætti eftir samvinnu við hjúkrunarfólk og félagsamtök, sem fara með umboð þess, til þess að tryggja raunhæfa framkvæmd ákvæða varðandi heilsuvernd og öryggi hjúkrunarfélks.
52. Gera ætti viðeigandi ráðstafanir til eftirlits með framkvæmd laga, reglugerðu og annarra ákvæða varðandi heilsuvernd og öryggi hjúkrunarfélks.

#### **X. Félagslegt öryggi.**

53. (1) Hjúkrunarfólk ætti að njóta verndar félagslegs öryggis, sem eftir atvikum sé a. m. k. ekki minni en sú, sem annað fólk í þjónustu hins opinbera eða einkaaðila eða sem starfar sjálfstætt, nýtur í hlutaðeigandi landi. Þessi vernd ætti að ná yfir reynslutíma og þjálfunartíma félks, sem að staðaldri vinnur hjúkrunarstörf.
- (2) Vernd félagslegs öryggis hjúkrunarfélks ætti að miðast við hið sérstaka eðli starfa þess.
54. Eftir því sem við verður komið ætti að gera viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja framhald á réttindavinnslu og bótarétti þegar skipt er um atvinnu eða hlé verður á störfum um stundarsakir.
55. (1) Þegar tryggingakerfið gefur hinum tryggðu kost á frjálsu vali á læknum og sjúkrastofnunum, ætti hjúkrunarfólk að njóta sama valfrelsis.
- (2) Sjúkraskýrslur um hjúkrunarfólk ættu að vera trúnaðarmál.
56. Með lögum eða reglugerðum ætti að gera það mögulegt að veita bætur fyrir hvern þann sjúkdóm, sem hjúkrunarfólk fær vegna starfs síns, á sama hátt og bætur fyrir atvinnusjúkdóma.

#### **XI. Sérstök ráðningarform.**

57. Gera ætti ráðstafanir til þess að unnt sé að ráða fólk til skamms tíma og í hlutastarf með það fyrir augum að nýta sem best það hjúkrunarfólk sem völ er á og til þess að koma í veg fyrir að sérhæft fólk láti af störfum.
58. Starfskjör hjúkrunarfélks, sem er í starfi um stundarsakir eða í hlutastarfi, ættu að jafngilda kjörum þeirra, sem eru í föstu og fullu starfi, eftir því sem við á og réttindi þess ætti að meta hlutfallslega eftir því sem við á.

#### **XII. Hjúkrunarnemar.**

59. Hjúkrunarnemar ættu að njóta sömu réttinda og frelsis og nemar í öðrum greinum njóta, með þeim takmörkunum einum, sem nauðsynlegar eru vegna náms þeirra og þjálfunar.
60. (1) Verklegt nám hjúkrunarnema ætti að skipuleggja og framkvæma með tilliti til þarfa þeirra fyrir þjálfun. Það ætti aldrei að nýta sem úrræði til þess að uppfylla venjulegar kröfur um starfslið.
- (2) Meðan á verklegu námi stendur ætti einungis að fela hjúkrunarnemum þau störf, sem samsvara undirbúningsstigi þeirra.
- (3) Allan náms- og þjálfunartíma sinn ættu hjúkrunarnemar að njóta sömu heilsuverndar og hjúkrunarfélks.
- (4) Hjúkrunarnemar ættu að njóta tilhlýðilegrar réttarverndar.
61. Í námi sínu og þjálfun ættu hjúkrunarnemar að fá öruggar og nákvæmar upplýsingar um störf, vinnuskilyrði og framahorfuc hjúkrunarfélks og þá möguleika, sem það hefur til þess að bæta hag sinn í fjárhagslegu, félagslegu og starfslegu tilliti.

**XIII. Alþjóðleg samvinna.**

62. Með það fyrir augum að stuðla að skiptum á starfsliði, hugmyndum og þekkingu og þar með bæta hjúkrun ættu aðildarríkin, einkum með tvíhliða og fjölþjóðlegum samningum, að
- samræma menntun og þjálfun til hjúkrunarstarfa án þess að draga úr kröfum;
  - ákvarða skilyrði fyrir gagnkvæmri viðurkenningu á hæfni, sem fengin er erlendis;
  - samræma þær kröfur, sem uppfylla verður til þess að fá starfsleyfi;
  - Skipuleggja skipti á hjúkrunarfólki.
63. (1) Hvetja ætti hjúkrunarfólk til þess að færa sér í nyt þá möguleika til menntunar og þjálfunar, sem kostur er á í heimalandi þess.
- (2) Þar sem það er nauðsynlegt eða æskilegt ætti það að hafa möguleika til menntunar og þjálfunar erlendis og þá með þeim hætti að skipulögð séu nemendaskipti eftir því sem unnt er.
64. (1) Hjúkrunarfólk, sem er í námi eða þjálfun erlendis, ætti að eiga kost á tilhlýðilegri fjárhagsaðstoð með skilyrðum, sem ákveðin voru með tvíhliða eða fjölþjóðlegum samningum eða lögum eða reglugerðum.
- (2) Slíka aðstoð mætti binda skilyrði um að það snúi aftur til heimalandsins innan eðlilegs tíma og vinni þar í tiltekinn lágmarkstíma störf, sem svari til nýfenginnar menntunar þess, með þeim kjörum sem a. m. k. jafnist á við þau kjör, sem aðrir landsmenn njóta.
65. Athuga ætti þann möguleika að veita hjúkrunarfólki, sem vill vinna eða þjálfa sig um tiltekinn tíma erlendis, lausn frá störfum án þess að starfstengsl þess rofni.
66. (1) Erlent hjúkrunarfólk ætti að hafa þá hæfni, sem viðurkennd er af hlutaðeigandi stjórnvaldi til þeirra starfa, sem það á að gegna, og uppfylla öll önnur skilyrði, sem krafist er til starfsins í starfslandinu. Erlendu starfsfólki, sem tekur þátt í skipulögðum skiptum á starfsfólki, má veita undanþágu frá síðara skilyrðinu.
- (2) Vinnuveitandinn ætti að fullvissa sig um að erlent hjúkrunarfólk hafi nægilega málakunnáttu til þeirra starfa, sem það á að gegna.
- (3) Erlent hjúkrunarfólk með jafnmikla hæfni ætti að njóta starfskjara, sem séu eins hagstæð og innlent starfsfólk nýtur við störf, sem sömu skyldur og ábyrgð fylgir.
67. (1) Ráðningu erlends hjúkrunarfólks ætti því aðeins að leyfa;
- að skortur sé á hæfu starfsfólki í starfslandinu til þeirra starfa, sem ætlun er að ráða til;
  - að í heimalandinu sé enginn skortur á hjúkrunarfólki með þá hæfni, sem sótt er eftir.
- (2) Ráðning erlends hjúkrunarfólks ætti að fara fram í samræmi við viðeigandi ákvæði í Tillögu frá 1949 um farandverkamenn.
68. Hjúkrunarfólki, sem er í störfum eða þjálfun erlendis ætti að veita nauðsynlega aðstoð þegar það æskir þess að snúa aftur til síns heimalands.
69. Að því er varðar félagslegt öryggi, ættu aðildarríkin í samræmi við venju í landinu;
- að tryggja erlendu hjúkrunarfólki, sem er við störf eða þjálfun í landinu, jafnrétti við innlent starfsfólk;
  - að taka þátt í aðgerðum tveggja eða fleiri ríkja til þess að tryggja það, að farandhjúkrunarfólk haldi þeim réttindum, sem það hefur áunnið sér eða er að ávinna sér svo og bótum erlendis frá.

**XIV. Framkvæmdahættir.**

70. Þessari tillögu má koma í framkvæmd með lögum eða reglugerðum, heildarsamningum, úrskurðum gerðardóma eða dómstóla, eða með hverjum þeim hætti öðrum, sem samrýmist þeim venjum í landinu, sem við eiga, enda sé tekið tillit til aðstæðna í hverju landi.



71. Við framkvæmd ákvæða þessarar tillögu ættu aðildarríkin og hlutaðeigandi samtök vinnuveitenda og launþega, eftir því sem mögulegt og æskilegt er, að hafa til leiðsagnar þær ábendingar um raunhæfa framkvæmd, sem settar eru fram í viðaukanum.

#### **Viðauki.**

#### **Ábendingar um raunhæfa framkvæmd.**

#### **Stefna varðandi hjúkrunarþjónustu og hjúkrunarfólk.**

1. Sjá ætti fyrir nægilegum fjárveitingum til þess að náð verði markmiðum stjórnarstefnunnar varðandi hjúkrunarþjónustu og hjúkrunarfólk.
2. (1) Skipulagning hjúkrunarþjónustu ætti að vera samfelld og taka til allra stiga almennrar heilbrigðisþjónustu.
- (2) Hjúkrunarþjónustu ætti að skipuleggja á grundvelli;
  - a. upplýsinga, sem fengnar eru með endurteknum könnunum og rannsóknum, sem gera það mögulegt að meta þau vandamál, sem upp koma, svo og þarfirnar og tiltæk úrræði;
  - b. tæknilegra staðla, sem samsvara breyttum þörfum og aðstæðum í landinu eða á hverjum stað.
3. Sér í lagi ætti að gera ráðstafanir til þess:
  - a. að setja fullnægjandi reglur um hjúkrunarþjónustu;
  - b. að skilgreina þá hjúkrunarstarfsemi, sem viðurkenndar þarfir krefjast;
  - c. að ákveða reglur um starfshópa hjúkrunarfólks að því er varðar fjölda starfsfólks og hæfni, sem þörf er fyrir á hinum ýmsu stigum og í hinum ýmsu greinum;
  - d. að ákveða á þeim grundvelli þær greinar, fjölda og stig þess starfsliðs, sem nauðsynlegt er til þróunar hjúkrunarþjónustu yfirleitt og til raunhæfrar nýtingar starfsliðs;
  - e. að ákveða, í samráði við fulltrúa hlutaðeigenda, tengslin milli hjúkrunarfólks og annarra heilbrigðisstétta.
4. Stefnan varðandi hjúkrunarþjónustu og hjúkrunarfólk ætti að miða að því að þróa ferns konar hlutverk hjúkrunarfólks: hjúkrun; stjórnun; hjúkrunarmenntun; og rannsóknar- og þróunarstörf á hjúkrunarsviði.
5. Sjá ætti fyrir fullnægjandi tæknilegum og efnislegum úrræðum til þess að hjúkrunarfólk geti innt störf sín vel af hendi.
6. Sú flokkun starfa, sem mælt er með í 5. grein tillögunnar ætti að byggjast á starfsgreiningu og starfsmati, sem gert sé í samráði við hlutaðeigandi samtök vinnuveitenda og launþega.

#### **Menntun og þjálfun.**

7. Í löndum, þar sem mikill hluti landsmanna hefur takmarkaðan möguleika til menntunar, ætti að gera ráðstafanir til þess, innan ramma hjúkrunarmenntunar, að bæta upp almenna menntun og þjálfun nema, sem ekki hafa náð því marki, sem krafist er í samræmi við 9. grein tillögunnar.
8. Reglur um hjúkrunarnám og þjálfun ættu að mynda grundvöll fyrir aðgang að menntun og þjálfun til ábyrgðarmeiri starfa, skapa löngun til að efla eigin hæfni og búa nema undir að beita þekkingu sinni og hæfni sem meðlimir í hópstarfi heilbrigðisstarfsfólks.

#### **Iðkun hjúkrunarstarfa.**

9. (1) Í vissum ákveðnum tilvikum má krefjast endurnýjunar á starfsleyfi til hjúkrunarstarfa.
- (2) Slíka endurnýjun má binda skilyrði um endurmenntun og þjálfun þegar það er talið nauðsynlegt til þess að viðurkennt hjúkrunarfólk haldi fullri hæfni.

10. Endurkoma til starfa eftir starfshlé getur í ákveðnum tilvikum verið háð hæfnismati. Í slíkum tilvikum ætti að athuga möguleika á því að auðvelda endurkomu svo sem með því að láta hlutaðeiganda vinna með öðrum um tiltekinn tíma áður en hæfnismatið fer fram.
11. (1) Allar agareglur, sem gilda fyrir hjúkrunarfólk, ættu að innihalda:
  - a. skilgreiningu á broti í starfi, sem gerð sé með tilliti til eðlis starfsins og þeirra siðareglna, sem við eiga;
  - b. tilgreiningu viðurlaga, sem beita má, en þau ættu að vera í hlutfalli við það hversu alvarlegt brotið er.
- (2) Allar þær agareglur, sem taka til hjúkrunarfólks ætti að setja innan ramma reglna sem gilda um starfslið í heilbrigðisþjónustu í heild eða, þar sem engar slíkar reglur eru til, ætti að miða við þær reglur, sem gilda fyrir aðrar heilbrigðisstéttir.

#### Starfsframi.

12. Þar sem takmarkaðir möguleikar eru til stöðuhækkunar, vegna þess hvernig hjúkrunarþjónusta er almennt uppbyggð, mætti gera ráðstafanir til þess að greiða aðgang að námi, sem veitt geti hæfni til annarra heilbrigðisstarfa.
13. (1) Ráðstafanir ætti að gera til þess að koma á fót flokkunarkerfi og launastigum, sem gefi möguleika á starfsframa á grundvelli þeirrar flokkunarstarfa, sem gerð er í 6. grein tillögunnar.
- (2) Þessi kerfi ættu að vera svo opin að þau hvetji hjúkrunarfólk til þess að flytjast af einu stigi á annað.
- (3) Stöðuhækkun hjúkrunarfólks ætti að byggjast á sanngjörnum mælikvarða og miðast við reynslu og auðsýnda hæfni.
14. Á sérhverju starfsstigi ætti að vera möguleiki á kauphækkun með tilliti til aukinnar reynslu og hæfni.
15. (1) Ráðstafanir ætti að gera til þess að hvetja hjúkrunarfólk til þess að færa sér sem best í nyt þekkingu sína og hæfni í starfi.
- (2) Stöðugt ætti að fylgjast með því, hvaða ábyrgðarstörfum hjúkrunarfólk raunverulega gegnir og hvaða hæfni það hefur sýnt til þess að tryggja það að laun og möguleiki til frama samsvari þeim.
16. (1) Tími launaðs námsorlofs ætti að teljast starfstími í sambandi við réttinn til tryggingabóta og annarra réttinda, sem byggjast á starfstíma.
- (2) Eftir því sem við verður komið ætti að taka tillit til tímalengdar ólaunaðs orlofs vegna viðbótarnáms og þjálfunar þegar reikna skal starfsaldur, einkum að því er varðar laun og lífeyrisrétt.

#### Laun.

17. Þar til náð er þeim launum, sem eru sambærileg við laun í öðrum störfum, sem krefjast sambærilegrar eða jafnmikillar hæfni og hafa í för með sér sambærilega eða jafn mikla ábyrgð, ætti, þar sem nauðsyn krefur, að gera ráðstafanir til þess að hækka launin svo fljótt sem auðið er að því marki, sem líklegt er til þess að laða hjúkrunarfólk til starfa og halda því í starfi.
18. (1) Viðbót við laun og aukagreiðslur, sem greiðast reglulega, ætti, að svo miklu leyti sem svarar til venju um þau störf, sem um getur í 16. grein þessa viðauka, að teljast óskiptur hluti launa við útreikning orlofslauna, eftirlauna og annarra félagslegra bóta.
- (2) Fjárhæð þeirra ætti að endurskoða á vissum fresti með tilliti til breytinga á framfærslukostnaði.

**Vinnutími og hvíldartími.**

19. (1) Að teknu tilliti til þeirra krafna, sem gerðar eru til þjónustunnar, ætti af fremsta megni við skipulagningu vinnutímans að skipta vaktavinnu, yfirvinnu og óþægilegum vinnutíma réttlátlega milli hjúkrunarfólks og sérstaklega milli fasts starfsfólks og laust ráðins og milli þess fólks, sem er í fullu starfi og þess sem er í hlutastarfi. Ennfremur ætti svo sem unnt er að taka tillit til óska einstaklinga og sérstakra aðstæðna vegna loftslags, samgangna og fjölskylduábyrgðar.
- (2) Skipulagning vinnutíma hjúkrunarfólks ætti að byggjast á þörfinni fyrir hjúkrunarþjónustu fremur en að stjórnast af starfsskipan annarra heilbrigðisstétta.
20. (1) Í sambandi við skipulagningu starfa, ákvörðun fjölda í starfslíði og nýtingu þess og tímasetningu vinnustunda ætti að gera viðeigandi ráðstafanir til þess að draga úr þörf fyrir yfirvinnu, vinnu á óþægilegum vinnutíma og bakvaktir. Sérstaklega ætti að taka tillit til þarfarinnar á því að ráða hjúkrunarfólk í stað þeirra, sem eru fjarverandi samkvæmt heimild í lögum reglugerðum eða heildarsamningum svo að öðru starfsfólki sé ekki ofþjakað.
- (2) Starfsfólk ætti ekki að þvinga til yfirvinnu nema nauðsyn krefji vegna umönnunar sjúkra og ekki hafa nægilega margir gefið kost á sér til starfa af frjálsum vilja.
21. Kynna ætti vinnustundaskrá, sem um ræðir í 35. grein tillögunnar, með a. m. k. tveggja vikna fyrirvara.
22. Sérhver bakvaktatími þegar hjúkrunarfólk verður að vera á vinnustað eða þjónusta þess er hagnýtt í reynd ætti að reiknast að fullu sem vinnutími og greiðast sem slíkur.
23. (1) Hjúkrunarfólki ætti að vera frjálst að matast þar sem það kys.
- (2) Það ætti að eiga þess kost að eyða hvíldarstundum sínum annars staðar en á vinnustað.
24. Hvenær árlegt orlof skuli tekið ætti að ákveða með sanngirni og með fullu tilliti til fjölskyldu, óska einstaklinga og þarfa þjónustunnar.

**Heilsuvernd.**

25. Þær sérstöku ráðstafanir, sem gerðar eru vegna hjúkrunarfólks, svo sem þær sem um ræðir í 2. tölulið 47. greinar, 49. grein og 50. grein tillögunnar, ættu sérstaklega að taka til starfsfólks, sem að staðaldri er í hættu frá jónandi geislun eða svæfingar- og deyfiefnum (anaesthetic substances) og starfsfólks, sem er í snertingu við smitsjúkdóma eða geðsjúkdóma.
26. Auk þess ætti hjúkrunarfólk, sem að staðaldri er í hættu frá jónandi geislun, að njóta verndar með þeim aðgerðum, sem kveðið er á um í samþykkt og tillögu frá 1960 um vernd gegn geislun.
27. Meðal þeirra starfa, sem þungaðar konur og mæður ungra barna ættu ekki að vera látnar vinna, ættu að vera:
  - a. að því er varðar konur, sem 5. grein tillögu um mæðravernd frá 1952 tekur til, þess konar störf, sem þar eru nefnd;
  - b. störf sem hafa í för með sér hættu frá jónandi geislun, svæfingar- og deyfiefnum eða snertingu við smitsjúkdóma.

**Félagslegt öryggi.**

28. Í því skyni að tryggja samfellda ávinnslu réttinda og bótarétt, sem um ræðir í 54. grein tillögunnar ætti að gera ráðstafanir til þess að samræma þau sérstöku viðbótarkerfi, sem til eru, hvert öðru og hinum lögboðnu kerfum.

29. Í því skyni að tryggja það, að hjúkrunarfólk fái þær bætur vegna veikinda, sem það hefur áunnið sér með starfi sínu svo sem mælt er fyrir um í 56. grein tillögunnar ættu aðildarríkin með lögum eða reglugerðum:
- a. að gera skrá yfir þá sjúkdóma, sem ætla má að hjúkrunarfólk geti fengið vegna starfs síns og endurskoða slíka skrá reglulega í ljósi vísindalegra og tæknilegra framfara er varða hjúkrunarfólk.
  - b. að bæta við þessa skrá almennri skilgreiningu á atvinnusjúkdómum, eða með öðrum ráðum að tryggja hjúkrunarfólki að það geti fært sönnur á að sjúkdómur eigi rót sína að rekja til starfsins, enda þótt hann sé ekki talinn atvinnusjúkdómur samkvæmt skránni.

**Alþjóðleg samvinna.**

30. Sú fjárhagsaðstoð, sem veitt er hjúkrunarfólki, sem stundar nám eða þjálfun erlendis, gæti eftir því sem við á verið fölgín í því:
- a. að greiddur sé ferðakostnaður;
  - b. að greiddur sé námskostnaður;
  - c. að veittir sér námsstyrkir;
  - d. að haldið sé áfram greiðslu launa að fullu eða að hluta þegar um er að ræða hjúkrunarfólk, sem þegar hefur hafið störf.
31. Eftir því sem við verður komið ætti frí frá störfum til náms eða starfa erlendis að takast með í reikningi starfsaldurs sér í lagi í sambandi við laun og lífeyrisrétt.